



Ný miðbærinn á Mid-Atlantic ferðakaupstefnunni: Brúar gamalt og nýtt

Guðjón Arngrímsson og Leó Árnason sýna lykilmál í ferðabjónustunni líkan Snorra Freys Hilmarssonar á Mid-Atlantic. Fremst snýr Pétur Þ. Óskarsson, forstjóri Íslandsstofu baki í myndavélina, síðan eru frá vinstri Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, formaður borgarráðs, Skarphéðinn Berg Steinarsson, ferðamálastjóri, Þórdís Kolbrún Gylfadóttir, ferðamálaráðgjafi og Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair Group.

Óhætt er að segja að kynning á nýja miðbænum á Selfossi hafi slegið í gegn á alþjóðlegu ferðakaupstefnunni Mid-Atlantic sem haldin var í Laugardalshöll.

inni um liðna helgi. Á kaupstefnunni koma saman um 700 helstu seljendur og kaupendur frá 20 löndum í ferðabjónustunni beggja vegna Atlantshafsins.

„Nýtt stórt líkan af miðbæ Selfossi sem Snorri Freyr Hilmarsson smíðaði af alkunnu listfengi vakti mikla aðdáun gesta. Við teljum mikilvægt að byrja strax á

alvöru markaðsstarfi og þetta listaverk Snorra á Mid-Atlantic hjálpaði svo sannarlega,“ segir Guðjón Arngrímsson í samtali við Dagskrána. Sjá nánar á bls. 2



Nýr jeppi sýndur á Einn-einn-tveir daginn

Mánudaginn 11. febrúar nk., sem er jafnframt kallaður „Einn-einn-tveir dagurinn“, verður opið hús hjá Hjálparveit skáta Hveragerði að Austurmörk 9 kl. 20–21.

Allur búnaður sveitarinnar verður til sýnis og þar á meðal nýr Toyota Land Cruiser jeppi sem sveitin fékk til notkunar í byrjun mánaðarins. Um er að ræða afar fullkominn jeppa, 42" breytan með öllum þeim búnaði sem góður björgunarsveitarbíl þarf að búa yfir. Boðið verður upp á frostoppena frá Kjörís, kaffi og kleinur. Allir eru velkomnir.

Ungt fólk á Suðurlandi horfir til framtíðar

Dagana 30. og 31. janúar sl. stóð Ungmennaráð Árborgar í samvinnu SASS fyrir ráðstefnu ungmennaráða á Suðurlandi. Ráðstefnan var haldin á Hótel Selfossi.

Fyrri daginn ræddu ungmenni af öllu Suðurlandi saman. Seinni daginn hittu ungmenninn fulltrúa sveitarstjórna, þingmenn suðurkjördæmis og aðra gestir.

Meginmarkmið ráðstefnunnar var að vekja áhuga ungs fólks og gefa því tækifæri til að eiga samtöl við ráðamenn um framtíðarskipulag svæðisins.



Eva Björk Harðardóttir, formaður SASS, Sveinn Ægir Birgisson og Sigdís Erla Ragnarsdóttir, ungmennaráði Árborgar, og Sigurður Ingi Jóhannsson, samgönguráðgjafi.

Elvar Örn Jónsson til danska liðsins Skjern

Handknattleiksmaðurinn Elvar Örn Jónsson frá Selfossi hefur skrifað undir 2 ára samning við danska liðið Skjern, eitt af toppliðunum í Danmörku.

Elvar Örn sem hefur verið lykilmáður í liði Selfoss síðustu tímabil lék stórt hlutverk í landsliði Íslands á HM nú í janúar.

Þess má geta að Patrekur Jóhannesson, núverandi þjálfari Selfoss, mun þjálfa lið Skjern á næstu leiktíð. -ög



Er gólfhitinn rétt stilltur?



Fáðu
fagmann
í verkið

PÍPULAGNIR
HELGA
Selfossi • Sími 699 1985 • 823 6656



ALWAYS A
BETTER WAY

Framúrskarandi þjónusta við Toyota eigendur á Suðurlandi.

Toyota Selfossi Fosnesi 14 Selfossi Sími: 480-8000 www.toyotaselfossi.is

Útgáfutónleikar Einars Bárðar í Hvíta húsinu

Föstu-
daginn
8. febrúar
nk. kemur
í verslanir
hljómplatan
„Myndir“
en þar er um
að ræða upptökur af vinsæl-
ustu lögum Einars Bárðarson-
ar. Einar fagnaði 20 ára höf-
undarafmæli á síðasta ári og
fóru upptökur fram allt síðasta
ár undir stjórn Þóris Úlfars-
sonar. Platan inniheldur með-
al annars lagið „Ég sé þig“ í
flutningi Jóhönnu Guðrúnar,
sem og hið goðsagnakennda
„Farin“ í flutningi Klöru Elí-
asdóttur. Þessar útgáfur hafa
vakið mikla athygli í útvarpi
síðustu vikur.



Þakka. Þeir veðjuðu á fyrsta
lagið mitt þegar frægðarsól
þeirra var fyrir alvöru að taka
á loft og ef þeir hefðu ekki val-
ið að gera *Farin* að fyrsta út-
varpslagi af plötunni *Nákvæm-
lega*, þá veit ég ekki hvernig líf
mitt hefði þróast. Þannig að ég
á þeim nánast allt að þakka,”
segir Einar.

Nafn plötunnar *Mynd-
ir* er vitaskuld tilvísun í eitt
þekktasta lag Einars en um
leið eru lögin hversdagslýs-
ingar á lífi fólks eða myndir af
lífi þess, eins og höfundurinn
útskýrir nafngiftina. Meðal
annarra flytjenda á plötunni
eru Sigga Beinteins, Magni,
Birgitta Haukdal, Friðrik
Ómar, Stefán Hilmarsson, Ein-
ar Ágúst, Gunni Óla, Ingó, Kar-
itas Harpa, Birgir Steinn og þá
syngur Klara dóttir Einars lag á
plötunni sem upprunalega var
flutt af Nylon flokknum.


„Svo er það nú þannig að líf-
ið fer í hringi. Steinunn Camilla
sem var í Nylon-flokknum hjá
mér er eiginlega orðin hálf-
gerður umboðsmaður hjá mér
og er að vinna í að aðstoða mig
við útgáfuna á þessum disk en
er bæði gaman og er ég í góð-
um höndum líka,” segir hann.

Höfundurinn ætlar að fagna
útgáfu plötunnar með sögu-
stund og „singalong“-tónleik-
um í Hvíta húsinu á Selfossi
föstudagskvöldið 8. febrúar
og svo í Bæjarbíói í Hafna-
firði, laugardagskvöldið 9.
febrúar, ásamt fríðu föruneyti.
Úrval söngvara kemur fram
með Einari á tónleikunum og
hljómsveitina skipa þeir Þórir
Úlfarsson á píanó og ham-
mond, Eiður Arnarsson á ba-
ssa, Hannes Friðbjarnarson á
trommur og þeir Kristján Grét-
arsson og Pétur Valgarð Péturs-
son á gítara.

Í vor voru 20 ár frá því lag-
ið „Farin“ kom út með hljóms-
veitinni Skítamóral en lagið
varð þeirra allra vinsælasta og
sló í gegn nánast á einni nóttu.
Svo fylgdu lögin með eitt af
öðru; Birta, Spennitur, Myndir,
Ennþá, Ég sé þig og fleiri og
fleiri. Tónlistarmaðurinn og
upptökustjórinn Þórir Úlfars-
son stýrir upptökum á plötunni
en hún verður bæði ljúf og hrjúp
í anda höfundarins, með Nash-
ville áhrifum, en Einar hefur
alla tíð sótt sinn innblástur til
amerískrar country-skotinnar
dægurtónlistar. Á plötunni
er ætlunin að setja ákveðna
heildarmynd á þessi vinsæl-
ustu lög Einars og hugmyndin
er að þessi helstu verk höfund-
ar fái nýtt og heimilislegt líf í
flutningi hans og félaga.

„Ég á þessum og öðrum
listamönnum allt að þakka
þegar kemur að minni aðkomu
í tónlist. Sagan hefur oft snúið
því þannig að Skítamóral eigi
mér margt að þakka en það er
þver öfugt. Ég á þeim allt að

Nýi miðbærinn á Mid-Atlantic ferðakaupstefnunni: Brúar gamalt og nýtt



Guðjón Arngrímsson og Leó Árnason sýna lykilfólki í ferðapjónustunni hið glæsilega líkan Snorra Freys Hilmarssonar á Mid-Atlantic. Fremst snýr Pétur Þ. Óskarsson, forstjóri Íslandsstofu baki í myndavélina, síðan eru frá vinstri Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, formaður borgarráðs, Skarphéðinn Berg Steinarsson, ferðamálastjóri, Þórdís Kolbrún Gylfadóttir, ferðamálaráðherra og Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair Group.

Óhætt er að segja að kynning
á nýja miðbænum á Selfossi
hafi slegið í gegn á alþjóðlegu
ferðakaupstefnunni Mid-Atl-
antic sem haldin var í Laugar-
dalshöllinni um liðna helgi. Á
kaupstefnunni koma saman um
700 helstu seljendur og kaupend-
ur frá 20 löndum í ferðapjónust-
unni beggja vegna Atlantshafs-
ins. „Nýtt stórt líkan af miðbæ
Selfoss sem Snorri Freyr Hilm-
arsson smíðaði af alkunnu list-
fengi vakti mikla aðdáun gesta.
Við teljum mikilvægt að byrja
strax á alvöru markaðsstarfi og
þetta listaverk Snorra á Mid-Atl-
antic hjálpaði svo sannarlega,”
segir Guðjón Arngrímsson í
sam tali við Dagskrána.

Undanfarnar vikur hafa

starfsmenn Borgarverks unnið
að jarðvinnu á byggingareitn-
um, fjarlægt nálægt 30 þúsund
rúmmetra af jarðvegi, og flutt
til uppbyggingar á golfvælinum.
Svæðið er nú að verða tilbúið
fyrir Jáverk að hefja uppsteypu
hverfisins.

„Verkefnið er á áætlun og
við gerum ráð fyrir að fyrri
áfangi verði opnaður vorið 2020.
Nokkrar breytingar á hönnun
hafa verið gerðar frá því í sumar,
sú stærsta að við höfum ákveðið
að lækka niður suðurhluta torgs-
ins framan við gamla mjólk-
urbúðið til að auka möguleika
veitingahúsa og skapa skjólbetra
umhverfi,” segir Guðjón.

„Við höfum líka notað tímann
til þess að undirbúa kynningar-

starf miðbæjarins, fengum er-
lenda ráðgjafa til liðs við okkur,
héldum hér vinnustofur fyrir ára-
mót og ræddum við fjölda Sel-
fýssinga. Þetta er langtímaverk-
efni, sem við viljum að höfði
til heimamanna, til Íslendinga
almennt og til erlendra ferða-
manna eins og fram hefur komið.
Við munum kynna þetta allt bet-
ur á næstu mánuðum en í stuttu
máli þá munum við í mark-
aðs- og kynningarstarfinu vinna
áfram með grunnhugmyndina að
baki miðbænum, sem er að tefla
saman framtíðarhugsun og eldri
byggingarstil og sögu, og leyf-
um okkur að segja, með vísan til
Ölfusárbrúarinnar, að Selfoss sé
bær sem brúar gamalt og nýtt,”
segir Guðjón.

ELSKAÐU DEKKIN ÞÍN

Lægra verð á gæðadekkjum til frambúðar.

Sími 482 2722 • Austurvegi 52,
Selfossi • solning.is

SÓLNING
Meira til skiptanna

MÍMIR NEMENDAFÉLAG
MENNTASKÓLANS
AÐ LAUGARVATNI

SÆLIR SUNNLENDINGAR!

Skapast hefur ákveðin hefð fyrir svo kallaðri
drag-keppni hér í ML. Í ár var keppnin
haldin 24. janúar og skemmtu keppendur
sér konunglega. Sömu sögu má segja um
alla þá nemendur er mættu og fylgdust
með. Að því loknu var stofan rýmd og orlitill
dansleikur, þekktur sem Skallinn, haldinn
hátiðlega í annað skipti.



Nú eru stjórnskipti í fullum gangi hér í Mennta-
skólanum að Laugarvatni. Í nemendafélagi skólans,
Nemendafélaginu Mími, eru tíu embætti skipuð af 14
nemendum. Í ár er kosningabaráttan hörð enda ekkert
nema flott og efnileg frambóð í hvert og eitt einasta
embætti. Í frambóði eru 27 nemendur sem gæta hvar
þeir geta til þess að standa upp úr ásamt því að kynna
sig og sitt frambóð.

Þann 31. janúar fluttu frambjóðendur
ræður sínar með glæsibrag í okkar ást-
kæru N-stofu. Spennan verður í
hámarki mánudagskvöldið 3. febrúar,
en þá eru atkvæði talin upp á aðal-
fundi Mímis og lýkur þeim fundi með
glænýrri en eflaust glæsilegri stjórn
Nemendafélagsins Mímis.



Litmynd: Álfhildur Björk og Ólafía Sævarhárdóttir

82%

Sunnlendinga

lesa Dagskrána í hverri viku

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Sími 482 1944 | auglysingar@dfs.is

VERÐHRUN HREINSUM LAGERINN ALLT Á AÐ SELJAST

LINDIN

TÍSKUVERSLUN

Eyravegi 29 · Selfossi · Sími 482 1800

DFS.is

FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Allar atvinnuauglýsingarnar sem birtast í
Dagskránni fara einnig inn á DFS.is

www.dfs.is/atvinna



BÍLASÝNING LAUGARDAGUR 11-17

FRUMSÝNUM:

2019 RAM REBEL 1500

Tryllitæki frá RAM!

5,7 L HEMI, 390 hö. 8 gíra sjálfskipting,
hæðarstillanleg loftpúðafjöðrun og glæsi-
leg leðurinnrétting. Með allri nýjustu
tækni.

2019 Chrysler Pacifica Hybrid Limited

Drauma 7-manna bíllinn, lúxus bíll
með öllu! Glerþak, leðursæti, bakkmyndavél,
dvd spilari, Harman Kardon hljóm-
flutningskerfi ofl. 3,6 L, 287 hö Hybrid.



Einnig á staðnum:

„Modern muscle cars“ og fyrsti Muscle car
sögunar.

Hlökkum til að sjá ykkur!



ib.is

Fossnes A, 800 Selfoss

Auglýsing á deiliskipulagi fyrir Sveitarfélagið Ölfus:



ÖLFUS

Deiliskipulagstillaga fyrir Borgargerði í Ölfusi

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss samþykkti 31. janúar
2019 að auglýsinga tillögu að deiliskipulagi og umhverfis-
áhrifum fyrir land Borgargerðis í Ölfusi. Landið liggur
austan við Hvammsveg nr. 374, samkvæmt 1. mgr. 41. gr.
skipulagslaga nr. 123/2010.

Tillaga hefur áður verið kynnt.

Land Borgargerðis er um 5,4 ha.

Borgargerði, einn byggingarreitur fyrir íbúðarhús og bíl-
geymsla, 7240 m², L186452.

Borgargerði 1, tveir byggingarreitir fyrir hesthús og íbúða-
hús, 9650 m², L208949.

Borgargerði 2, ekkert mannvirki komið. Byggingareitir fyrir
íbúðarhús og útihús, 13810 m², L208950.

Borgargerði 3, þrír byggingarreitir fyrir áhaldahús og gesta-
hús, íbúðarhús og útihús, 23667 m², L208951.

Nýtingarhlutfall er í samræmi við ákvæði í aðalskipulagi eða
0,05 innan lóða og mesta mænishæð frá gólfplötu er 8 m.
Upphaflega er landið tekið úr jörðinni Akurgerði.

Deiliskipulagstillaga fyrir námu í landi Hvamms í Ölfusi

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss samþykkti 31. janúar
2019 að auglýsinga tillögu að deiliskipulagi og umhverfis-
áhrifum fyrir námu í landi Hvamms í Ölfusi samkvæmt 1.
mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum fyrir
efnistöku í landi Hvamms liggur fyrir frá 15. október 2012.

Gert er ráð fyrir tveimur efnistökusvæðum beggja vegna við
Hvammsveg nr. 374 á uppgræddum melum og áætlað að
vinna 600.000 m³ á 30 árum.

Svæðið neðan vegar er um 2 ha. og þar gert ráð fyrir að taka
um 100.000 m³.

Á svæðinu ofan vegar er ráðgert að taka um 500.000 m³.

Teikningar af námusvæðinu, álit Skipulagsstofnunar og
matsgögnin eru sýnd á vefnum www.olfus.is á auglýsingar-
tímanum sem deiliskipulagstillagan er í kynningu.

Deiliskipulagstillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofum
Ölfuss að Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn, frá og með 8.
febrúar 2019 til og með 22. mars 2019, á skrifstofutíma.
Þeim, sem telja sig eiga hagsmuna að gæta, er hér með
gefinn kostur á að gera skriflegar athugasemdir við
deiliskipulagstillöguna. Frestur til þess að skila þeim inn er til
22. mars 2019.

Skila skal athugasemdum inn á bæjarskrifstofur Ölfuss,
Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn.

Þeir sem ekki gera athugasemdir við deiliskipulagið innan
tilskilins frests teljast samþykkir því.

F. h. Sveitarfélagsins Ölfuss, Sigurður Ósmann Jónsson.

Gagnagrunnurinn sarpur.is

Þú, lesandi góður, getur með heimilistölvu þinni skoðað hvað finna má af íslenskum menningararfi í íslenskum söfnum og stofnunum með því að fara inn á vefinn www.sarpur.is. Leita má að munum, ljósmyndum, listaverkum, fornleifum, húsum, örnefnalýsingum og þjóðháttum með því að fara inn á Sarp. Um 50 söfn eru aðilar að Sarpi sem þau reka saman í sérstöku rekstrarfélagi sem stofnað var 2002. Fyrir almenning fyrir vefurinn í loftið í maí 2013 en í áratug á undan höfðu aðildarsöfnin unnið í innrífvið Sarps að innfærslu gagna sem fjölga dag frá degi. Rúmlega 1.200.000 færslur má finna í Sarpi í dag. Síðustu árin hafa söfnin keppt við að ljósmynda muni og skanna ljósmyndir til að mynd fylgi hverri færslu. Því verki er langt frá því lokið.

Byggðasafn Árnesinga og Sjóminjasafnið á Eyrarbakka er með allan sinn safnkost í Sarpi og er öðru hverju verið að bæta skráningu með innsetningu ljósmynda af safnkostinum. Sarpur er eitt helsta og mikilvægasta hjálpartæki safnsins við starfseminna því þannig næst góð yfirsýn yfir safnkostinn. Rúmlega sjö þúsund munir og nálægt sjö þúsund ljósmyndir safnanna á Eyrarbakka eru skráðir í Sarp. Og tæplega eitt þúsund fornleif-

ar sem Byggðasafn Árnesinga hefur skráð.

Stærsta safnið sem á aðild að Sarpi er Þjóðminjasafn Íslands en söfn hér austan fjalls eru með aðild að Sarpi, eins og Byggðasafn Árnesinga, Listasafn Árnesinga, Byggðasafn

ratað á íslensk söfn. Og eru afi þinn og amma kannski þarna líka? Eða gamla höfuðbólið? Þú sjálfur? Hver veit. Hægt er að þrengja leitarskýrðin eftir söfnum og flokka aðfanga. Ef þig langar til að eignast ljósmynd úr Sarpi af gamalli ljósmynd eða safnmun geturðu með einföldum hætti pantað hana og greitt gjald eftir verðskrá viðkomandi safns. Ef þú býrð yfir frekari vitanesku og vilt bæta við skráninguna þá hakarðu einfaldlega við „Veistu meira?“ og þá bregðast safnmennirnir við og lagfæra skráninguna.

Fyrir söfnin er nauðsynlegt að hafa yfirsýn yfir safneign sína og skráning því afar mikilvægur þáttur í safnastarfseminni. Með tilkomu þessa gagnagrunns hafa söfnin og reyndar almenningur allur möguleika á að finna samsvarandi gripi og í nútímavæðingu samfélagsins er ekki nauðsynlegt að allir safni því sama. Nú til dags er samræmi í söfnun gripa sem bjóðast, þökk sé Sarpi.

Sarpur er fjölbreyttur vefur með ógrynni upplýsinga um íslenska menningu. Verið velkomin að skoða þennan stóra menningargrunn.

Lýður Pálsson, safnstjóri Byggðasafns Árnesinga.



Rangæinga og Vestur-Skaftellinga og Sagnheimar í Vestmannaeyjum. Sunnlendingar geta því séð ýmislegt fróðlegt um arfleifð sína með því að fara inn á vefinn. Leitarorð eru eins fjölbreytt og hugsast getur og hægt að leita að efnisheitum, örnefnum, gefendum og notendum. Sem dæmi um leitarorð mætti nefna Selfoss, Ölfusárbrú, Bjarnveig Bjarnadóttir, askur, Egill Thorarensen, Þórður Tómasson, Laugarvatn, Sigríður Tómasdóttir og hægt er að finna út hve mörg fótanuddtæki hafa



Matgæðingur vikunnar er Óskar Logi Sigurðsson.



Óskar Logi Sigurðsson.

Kjúklingur í satay-sósu

2-3 kjúklingabringur
1 krukka satay-sósa
2 msk. sojasósa
1/2 dós kókosmjólk
1 dl vatn
1 tsk. rífið engifer
1 lime

Kjúklingurinn er skorinn í strimla og velt upp úr sojasósu. Steikið síðan kjúklinginn á pönnu og takið hann svo af og geymið. Hellið síðan satay-sósunni, kókosmjólkinni, vatninu og engiferinu á pönnuna og látið suðuna koma upp. Smakkið til með sojasósu, pipar og nýkreistum limesafa. Setjið kjúklinginn síðan út í og látið malla þangað til að hann er eldaður í gegn. Berið fram með hrísgrjónum.

Þar sem ég er alltof mikið fyrir eftirrætti og kökur verð ég að koma með eina uppskrift að franskri súkkulaðiköku. Þessa köku geri ég stundum fyrir vini og vandamenn við hátíðleg tækifæri. Hún slær ávallt í gegn.

Mig langar að skora á stjórnuðokkinn Önnu Margréti Káradóttur frá Þorlákshöfn. Hún getur töfrað fram exótiska og framandi rétti eins og ekkert sé. Ég þakka kærlega fyrir mig og verði ykkur að góðu.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dagskrain@prentmet.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Frönsk súkkulaðikaka með karamellusósu

Botn

200 gr. sykur
4 egg
200 gr. suðusúkkulaði
200 gr. smjör
1 dl hveiti

Hitið ofninn í 180 gráður (blástur). Þeytið egg og sykur vel saman. Bræðið smjórið og súkkulaðið saman við vægan hita. Blandið hveitinu saman við eggjablönduna og bætið síðan súkkulaðinu varlega saman við í lokin. Smyrjið bökunarform og hellið deiginu í formið. Bakið kökuna í 30 mínútur.

Karamellusósa

1 poki Góa kúkur
1 dl rjómi

Setjið kúlurnar og rjómann í pott og bræðið við vægan hita. Hrærið í sósunni þar til hún verður silkimjúk. Kælið sósuna aðeins áður en þið hellið henni yfir kökuna. Berið fram með vanilluís og jarðarberjum.

Tjaldað við Kerið í 13 stiga frosti



Hress ferðamaður sem heitir Faruk og er frá Ankara í Tyrklandi lét sér ekki muna um að tjalda í snjónum rétt neðan við Kerið í Grímsnesi ásamt unnustu sinni í kuldanum. Aðspurður hvort ekki hafi verið kalt hjá þeim í tjalduinu í nótt, svaraði Faruk að bragði „Nei, við erum mjög vel útbúin“.

Mynd: Einar D. G. Gunnlaugsson.

DAGSKRÁIN

Útgefandi: Dagskráin, Eyraveg 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, fax 482 2835, dagskrain@prentmet.is.
Ritstjóri: Örn Guðnason, sími 856 0672, orm@prentmet.is.
Bláðamaður: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gunnar@prentmet.is.
Auglýsingar: Katla Harðardóttir, sími 482 1944, katla@prentmet.is.
Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyraveg 25, Selfoss, fyrir hádegis á mánudögum. Upplag 9700 eintök.
Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.



ISSN 1670-407X

Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858

Vísnaðgátur-höf. Páll Jónasson - Útg. Bókautgáfan HÓLAR

Gáta vikunnar

Stundum þínu eyra á,
ekki traustur piltur sá,
kind sem gömul ekki er,
amerískur trukkur hér.

Svar við gátu í blaði 2484: LÓÐ.

Bókasafnið og Skema bjóða börnum í Scratch

Bókasafn Árborgar mun á næstunni halda áfram með námskeið í forritun fyrir börn á aldrinum 10–12 ára í samstarfi við Skema. Í þetta sinn verður unnið með undirstöðuatriði í forritun með Scratch.

Þátttakendur munu læra undirstöðuatriði í forritun með Scratch sem er gífurlega byrjendavænt kubbaforritunarmál hannað til þess að kenna öllum grunnhugtök forritunar. Í Scratch eru almennar forritunaraðgerðir kenndar með kubbum sem notandinn smellir saman líkt og LEGO til þess að búa til forrit. Þrátt fyrir að vera afar einfalt kennir Scratch samt sem áður nánast öll hugtök forritun-

ar, þar á meðal: breytur, lykklar, föll, segðir, virkja og skilyrðis-setningar ásamt öðru. Scratch er notað til þess að kenna ungum krökkum forritun.

Börn á aldrinum 10–12 ára eru hjartanlega velkomin í Bókasafnið og þetta kostar ekki krónu!



Undirskriftasöfnun fyrir Tryggva Ingólfsson

Fyrir skömmu var sett af stað undirskriftasöfnun þar sem skorað er á sveitarstjórn Rangárþings eystra að finna lausn á búsetuúrræðum Tryggva Ingólfssonar á Hvolsvelli. Tryggvi lamaðist í slysi fyrir tólf árum og hefur verið búsettur á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Kirkjuhvoli í 11 ár. Hann fór í aðgerð á síðasta ári en átti ekki heimgang þar sem starfsfólk Kirkjuhvols kvaðst ekki geta tekið við honum. Hann hefur því þurft að búa á lungnadeild LSH í Fossvogi síðan.

„Pabbi minn er enn á Lungnadeild LSH í Fossvogi þrátt fyrir að vera útskrifaður þaðan þann 27. mars 2018. Það þarf svo sem ekki að orðlengja það að kostnaðurinn við veru hans þar er margfaldur,“ segir Finnur Bjarki sonur Tryggva.

Þann 17. maí er gefin út svohljóðandi yfirlýsing frá sveitarstjórn Rangárþings eystra: „Á þessum tímapunkti eru ekki forsendur til þess að sjá um aðhlynningu og vistun umrædds einstaklings svo að öryggi hans verði tryggt. Hins vegar er stefnt að því að heimilið geti tekið við ummönnum mannsins í framtíðinni.“

Rangæingur sem aldrei hefur búið í Reykjavík

„Pabbi er ekki í verra ástandi en þegar hann kom á Kirkjuhvol fyrir um 12 árum. Það þótti og þykir mér mikið afrek að lítið dvalar- og hjúkrunarheimili úti á landi tæki svo viðamikil verkefni að sér, en það var að erlendra fyrirmynd með stuðningi frá Landlækni og Endurhæfingardeild

LSH Grensás. Þetta verkefni var leyst með miklum sóma í 11 ár, ekki hnökra-laust en allt slíkt leyst með samtali og fundum þar til síðasta vor. Síðan þá hafa verið skoðaðir möguleikar og leit allt út fyrir að Lundur á Hellu gæti tekið á móti pabba með stuðningi HSU á Selfossi sem okkur leist vel á en virðist ekki ganga upp vegna mönnunar. Mikið hefur verið þrýst á pabba að þiggja pláss á Droplaugarstöðum í Reykjavík en hann er Rangæingur og hefur aldrei búið í Reykjavík auk þess sem sveitarstjóri Rangárþings eystra segir okkur að það sé markmiðið að koma pabba heim og að aðgerðaráætlun sé í gangi. Þess vegna óskum við fjölskyldan þess að kröftum sé beitt í þá áttina af öllum aðilum,“ segir Finnur Bjarki Tryggvason.



Feðgarnir Finnur Bjarki og Tryggvi Ingólfsson.


Tímastjórnun eða tímasóun

Það er mikilvægt að vera stjórnandi í eigin lífi. Við vitum að sumu er ekki hægt að stjórna og það er mikilvægt að setta sig við það. En öðru getum við stjórnað. Til dæmis getum við haft veruleg áhrif á þann tíma-ramma sem við setjum okkur gagnvart fundum. Í mörg ár lét ég það pirra mig þegar ég mætti á fundi að þeir byrjuðu ekki fyrr en seint og um síðir. Svo þegar þeir byrjuðu þá fóru þeir um víðan völl og umræðuefnið var lítið sem ekkert skylt fundarefninu. Svo þegar allir voru orðnir þreyttir og jafnvel einhverjir farnir heim þá var hið eiginlega fundarefni keyrt í gegn á met tíma.

Svo gekk ég í Powertalk. Þar lærði ég að svona eiga hlutirnir ekki að vera. Ég lærði að setja upp tíma-mörk, fara eftir tímamörkum, segja öðrum til með tímamörk og einnig að stýra fundum þannig að þeir aðilar sem sitja fundinn haldi sig við fundarefni. Þetta er auðvelt ef maður er fundarstjóri. En það er líka í boði að gera athugasemdir úr sal til fundarstjóra um að halda tímamörk og að halda fólki við efnið. Í Powertalk hef ég öðlast sjálfstraust og þekkingu sem gerir það að verkum að ég þori að gera athugasemdir þegar mér finnast fundir vera til þess að eyða tíma mínum án þess að ég fái neitt út úr fundinum. Powertalk fræðir, eflir og styrkir. Powertalk bætir tímastjórnun.

Powertalk deildin Jóra starfar á Selfossi og fundar 1. og 3. mánudag í mánuði oftast í Selinu við Engjaveg. Gestir eru velkomnir á alla fundi.

Sigríður Pálsdóttir,
Víðivöllum 20, Selfossi



Viltu vinna með okkur í sumar?

Við leitum að jákvæðum og framtakssömum starfskrafti í sumarstarf á Suðurlandi með aðsetur í Hveragerði.

Gott sumarstarf fyrir þá sem eru í iðn- eða tækninámi.

Hjá okkur færðu skemmtilega og hagnýta reynslu af því að vinna með reynslumiklu fagfólki á fjölbreyttum og lifandi vinnustað sem leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi, vinnuumhverfi og möguleika til að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð.

Við tökum jafnréttið alvarlega

- Við viljum sem fjölbreyttastan hóp starfsfólks og hvetjum jafnt stelpur sem stráka til að sækja um.
- Við val á starfsfólki er tekið mið af hæfni, reynslu og umsögnum þannig að vandlega útfyllt umsókn skipir máli.

Til þess að sækja um þarftu að vera orðin(n) 18 ára. **Umsóknarfrestur er til 1. mars** á veitur.is/sumarstorf þar sem nánari upplýsingar um stöfin er að finna. Einnig er hægt að senda inn fyrirspurnir á netfangið starf@veitur.is.

Í góðu sambandi
við framtíðina



Jafnaðuátt
PwC 2017



JAFNRÉTTISRÁÐ





Bændur athugið!

Vegna mikillar eftirspurnar, óskum við eftir nautgripum til slátrunar.

Pantanir í síma 512 1100.
slh@slh.is

Sláturhúsið Helli hf.



Framúrskarandi
fyrirtæki



Dagur tónlistarskólanna 9. febrúar 2019

Dagur tónlistarskólanna er haldinn hátíðlegur um allt land laugard. 9. febrúar. Í tilefni dagsins stendur Tónlistarskóli Árneseinga fyrir sex svæðistónleikum í Árnessýslu.

Kl. 11:00 Félagsheimilið Aratungu
Nemendur úr Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshreppi.

Kl. 11:00 Eyravegur 9, Selfossi

Kl. 13:00 Eyravegur 9, Selfossi

Kl. 13:00 Félagsheimilið Flúðum
Nemendur úr Hrunamannahreppi, Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Flóahreppi.

Kl. 15:00 Þorlákskirkja
Nemendur úr Þorlákshöfn, Stokkseyri og Eyrarbakka.

Kl. 17:00 Hveragerðiskirkja

Aðgangur er ókeypis og allir hjartanlega velkomnir!

Þessir tónleikar eru um leið valtonleikar fyrir Nótuna (uppskeruhátíð tónlistarskólanna).

Áheyrendur fá að taka þátt í vali á því atriði sem þeim þykir skara framúr á tónleikunum, með því að tilnefna tvö atriði. Þau atriði sem fá flest stig fara í pott sem deildarstjórar velja úr fyrir Nótuna.



Bækur veita mér meiri gleði en finnst matseðill á veitingahúsi - segir lestrarhesturinn Hélène Dupont

Hélène Dupont er fædd og Huppalin í suðvestur Frakklandi. Hún er þriðja barn af fimm systkinum. Hún segir að í bernsku sinni hafi hún verið lesandi bækur nema þegar hún lék sér við vinkonur sínar, frænkur eða systkini. Eftir B.A. próf í heimspeki og eins árs framhaldsnám vann hún um 12 ára skeið hjá útgáfufyrirtækinu Les éditions Autrement í París auk þess að sækja kvöldnámskeið í skrautskrift. Hún kom til Íslands árið 2000 og hefur búið hér síðan.

Hvaða bók ertu að lesa núna?

Núna er ég að lesa *Ungfrú Ísland* eftir Auði Övu Ólafsdóttur. Mig langar að lesa allt sem hún hefur skrifað. Fyrst las ég sögu hennar *Rigningu í nóvember* svo var það *Afleggjarinn* og síðast skáldsaga hennar *Ör* sem fékk bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs. Mér finnst áhugavert hvernig Auður skrifar um venjulegt fólk, hvernig hún túlkar tilfinningar þess og skapar lífandi umhverfi. Oftast lýsir hún daglegu lífi í sögum sínum og það gerist ekki mikið.

Hvers konar bækur höfðu helst til þín?

Ævisögur um listamenn, sjálfs- hjálparbækur, ljóðabækur og spennusögur.

Ertu alin upp við bóklestur?

Ég man ekki eftir því að það hafi



Hélène Dupont

verið lesið fyrir mig en sjálf lærði ég að lesa snemma. Ein upphaldsbókin mín var *Tout sur la nature* sem útlæggt á íslensku *Allt um náttúruna*. Amma mín gaf mér þá bók þegar ég var níu ára gömul. Ég man hvað mér fannst ótrúlegt að lesa það sem skrifað var um kríuna sem er ennþá upphaldsfuglinn minn ásamt himbrima. Foreldrar mínir voru alla tíð alvöru lestrarhestar. Móðir mín, sem núna er 86 ára gömul, les ennþá nokkrar stundir á hverjum degi.

Hvernig myndir þú lýsa lestrarvenjum þínum?

Kannski má segja að ég rúlli á milli bóka. Það tók mig talsverðan tíma að læra íslensku þannig að ég byrjaði að lesa á ensku þegar mig vantaði bækur á frönsku. Þegar ég flutti hingað gerðist ég meðlimur í bókasafninu á Eyrarbakka eftir fyrstu vikuna og byrjaði að lesa ljóðabækur. Mér finnst gaman að halda áfram að lesa bækur á íslensku,

frönsku og ensku. Þetta gefur mér meira val. Í júní árið 2000 voru aðeins fimm bækur til á frönsku í bókasafninu á Selfossi. Oftast hef ég að minnsta kosti þrjár bækur í gangi í einu. Núna eru það nýjasta skáldsaga Auðar Övu, önnur um myndlist *Les écrits de Matisse* og sú þriðja um sálfræði sem kallast *Beliefs* eftir Robert Dilts.

Áttu þér upphaldshöfund?

Bohumil Hrabal frá Tékklandi var lengi upphaldshöfundurinn minn. Hann kunni að setja húmor í alls konar erfiðar aðstæður persóna sinna. Mér finnst líka Jane Austen frumlegur sálfræðingur. Ég vel samt frekar bækur eftir þeim sem freista mín: trú, sálfræði, list, heilsa, náttúra. Allt sem fjallar um sköpun, ferðabækur og ljóð svo nokkuð sé nefnt.

Hefur bók rænt þig svefni?

Ó já. Bækur gera það svo sannarlega og gera ennþá. Það er svo spennandi að upplifa ævintýri þeirra á þægilegan hátt, liggjandi í kyrrð og næði.

En hvernig bækur myndir þú skrifa ef þú værir rithöfundur?


Mér finnst nóg til af bókum þannig að ég þarf ekkert endilega að bæta einhverju við. Mér finnst mjög gaman að fara í bókabúð eða á bókasafn. Nytjamarkaðurinn og bókaþakassar í almannarými hafa oft bjargað sálu minni. Að skoða bókahillur vinkvenna minna og gleyma mér þar getur veitt mér endalausa gleði og hamingju. Miklu meiri en matseðill á fínu veitingahúsi.

Rauður maður/Svartur maður eftir Kim Leine fyrsta bók nýs árs

Stórvirkið *Rauður maður/Svartur maður* eftir verðlaunahöfundwinn Kim Leine er fyrsta bók Bókaútgáfunnar Sæmundar á nýju ári. Bókin kom út í fyrra og birtist nú í glæsilegri þýðingu Jóns Halls Stefánssonar.

Í þessum öðrum hluta Grænlandstríðs sennar leitar Kim Leine fanga aftur til 18. aldar, í nýlendustofnun Dana á Grænlandi. Særingamaðurinn Aappaluttoq, Rauður, bjargar lífi farsjúks sonar með því að koma honum í fóstur hjá trúboðanum Hans Egede og Gertrud eiginkonu hans. Þvert gegn vilja Rauðs er drengnum aldrei skilað því maðurinn í svörtu hempunni ákveður að skíra drenginn og halda honum hjá sér.

Hér er sagt frá upphafi kristniðs og nýlenduvæðingar á Grænlandi, lygilegum tildrögum, ævintýralegri framkvæmd og hræðilegum afleiðingum, bæði fyrir nýlendubúana dönsku og Grænlandinga sjálfa. Stúl-



snilld Leine er söm við sig, atburðarásin og lýsingarnar eru hér ennþá magnaðri en í fyrstu sögulegu skáldsögu hans, Spá-mönnunum í Botnleysufirði. Hér fer höfundurinn þó nær skjalfestum veruleika því flestar hinna fjölmörgu eftirminnilegu persóna eiga sér sögulegar fyrirmyndir og atburðirnir sem eru

hvað ótrúlegastir áttu sér stað í raun og veru. *Rauður maður/Svartur maður* er stórvirki í öllum skilningi, saga um árekstur ólíkra menningarheima og baráttu við hrikaleg náttúruöfl, saga um feður og syni, dauða og drykkjuskap, sturlun og stærilæti, guðstrú og glötnu, uppgjöf og uppljómun sálarinnar.



TIL SJÁVAR
OG SVEITA



Lumar þú á lausn? Umsóknarfrestur til 21. febrúar

Til sjávar og sveita er níu vikna viðskiptahraðall sem hefst **28. mars 2019** og fer fram í Reykjavík.

Leitað er að nýjum lausnum sem auka sjálfbæra verðmætasköpun í landbúnaði og sjávarútvegi.

Gríptu tækifærið og sæktu um á www.tilsvavarogsveita.is

ICELANDIC
STARTUPS



Meistaramánuður Íslandsbanka



Í hverju verður þú meistari?

Taktu þátt í Meistaramánuði Íslandsbanka í febrúar. Skráðu þig í sparnað og náðu þínum fjárhagslegu markmiðum.

islandsbanki.is/meistari

440 4000

@islandsbanki

islandsbanki.is

Opinn fundur 9. febrúar

Sjálfstæðisfélagið Óðinn býður til fundar laugardaginn 9. febrúar kl. 10–12 í Suðursal Hótel Selfoss.

Gestur fundarins verður Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra.

Umræður um stjórnmálin og málefni líðandi stundar.

D Heitt á könnunni.



Laus störf hjá Árborg

Árborg auglýsir eftirtalin tímabundin störf laus til umsóknar:

Heimabjónustan

- Starfsmaður í 80% stöðu á vakt í Grænumörk 1, 3 og 5, tvískiptar vaktir kl. 8:00–16:00 og 16:00–24:00.
- Starfsmaður í 35% stöðu í kvöld- og helgarþjónustu í Árborg, vakt kl. 18:00–22:00 aðra hvora viku.
- Starfsmaður í 50% stöðu húsvarðar í Grænumörk 1, 3 og 5 og útkeyrslu á heimsendum mat í Árborg, kl. 8:00–12:00.

Helsta markmið starfsins er:

- Að aðstoða notendur við að bjarga sér sjálfir og gera þeim kleift að búa sem lengst í heimahúsum.
- Að veita aðstoð samkvæmt þjónustusamningi Árborgar, t.d. aðstoð við heimilishald, persónulega umhirðu, að veita félagslegan stuðning o.fl.

Hæfniskröfur:

- Félagslíðamenntun æskileg
- Reynsla af störfum í heimabjónustu eða umönnunarstarfi æskileg
- Sjálfstæði í starfi, vandvirkni og skipulagshæfni
- Hæfni og virðing í mannlegum samskiptum
- Jákvæðni og góð þjónustulund
- Hreint sakavottorð
- Íslenska, töluð og skrifuð skilyrði
- Ökuréttindi skilyrði

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Launaneftdar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila berist skriflega til Félagsþjónustu Árborgar, Austurvegi 2, 800 Selfossi, eigi síðar en 12. febrúar 2019.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ester Halldórsdóttir, forstöðumaður heimabjónustu, ester.halldors@arborg.is eða í síma 480 1900.



Sveitarfélagið
ÁRBORG



HEILSUHORN HSU

Vaktsímanúmer HSU er 1700

Símanúmerið 1700 er smiðlægur vaktsími sem þjónustar m.a. Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Númerið 1700 leiðir þann sem inn hringir á læknavakt þar sem hjúkrunarfræðingar svara og sinna faglegri símaráðgjöf og leiðbeiningum um heilbrigðiskerfið. Hjúkrunarfræðingurinn sem svarar þegar hringt er, aðstoðar eftir bestu getu og/eða metur hvort tilefni er til að gefa í framhaldinu samband við vakthafandi hjúkrunarfræðing eða lækni á viðkomandi vaktsvæði.

Í dag sinnir Heilbrigðisstofnun Norðurlands á dagvinnutíma þessari símsvörum í vaktnúmerið 1700 en utan dagvinnutíma tekur Læknavaktin í Kópavogi við og svarar símanum. (*Travelers with foreign phone numbers, please call +354 544-4113, not 1700 direct*). Hjúkrunarfræðingur í beinni á netinu: <https://www.heilsuvera.is/>

Inni á heilsuvera.is er hægt í gegnum „mínar síður“, að senda fyrirspurnir á heilsugæsluna, einnig er inni á opna vefsvæði heilsuveru, áður en fólk skráir sig inn á „mínar síður“, netspjall þar sem hægt er að senda fyrirspurn til hjúkrunarfræðings. Fyrirspurnum í gegnum heilsuveru er svarað



Sólrun Auðbertsdóttir.

eins fljótt og hægt er, ekki er þó hægt að lofa samdægursvörum fyrirspurnar gegnum þessa leið.


Vinsamlega athugið að símanúmerið 1700 sinnir ekki tímabókunum á heilsugæslu, til læknis eða hjúkrunarfræðings eða tímapöntunum á samdægursmóttöku. Slíkar tímabókunarir fara fram á dagvinnutíma á heilsugæslustöðinni þinni eða í gegnum „mínar síður“ á heilsuvera.is

Ef um slys og alvarleg veikindi er að ræða þar sem bráðar þjónustu er þörf - þá hringið í 112!

F.h. Heilbrigðisstofnunar Suðurlands,

Sólrun Auðbertsdóttir, hjúkrunarstjóri Heilsugæslustöðva Hveragerðis og Þorlákshafnar.

Heims um ljóð hreyfingin sendir út ákall



og misrétti.

Skáldin sem taka þátt í Heims um ljóð hreyfingunni (World Poetry Movement) standa fyrir heim án hindrana og misréttis á grundvelli kynþáttar, þjóðernis, kynferðis, félagslegrar stöðu eða trúar.

Ljóðlistin er til þess að útrýma veggjum, veggjunum á milli okkar og innra með okkur.

Við köllum til ljóðskáld heimsins til að taka þátt í alþjóðlegri herferð gegn hindrunum. Við berjumst með orðum okkar í öllum löndum heimsins í febrúar 2019.

Áhugasöm um þátttöku geta haft samband við Hörpu Rún Kristjánisdóttur á facebook, í síma, á netfangið harparunholum@gmail.com, eða þar sem hana er að finna. Lesið verður í Fjölbrotaskóla Suðurlands þann 20. febrúar næstkomandi.

Framundan í febrúar er ljóðalestur fyrir heim án múra og hindrana. Bókabæirnir austanfjalls leita nú til ljóðskálda til að flytja ljóð um efnið - og yrkja þau!

Í heimsmynd okkar er víða að finna vegg, sem byggðir eru til að skilja fólk að. Steypuveggir, vírveggir og ósýnilegir veggir byggðir með peningum



Leikfélag Ölfuss frumsýnir Saumastofuna

Leikfélag Ölfuss frumsýnir verk-
ið Saumastofuna eftir Kjartan
Ragnarsson þann 8. febrúar næst-
komandi. Leikstjóri að þessu sinni er
Guðfinna Gunnarsdóttir en hún hefur
starfað með Leikfélagi Selfoss frá
barnsaldri og er starfandi formaður
Bandalags íslenskra leikfélaga.

Níu leikarar taka þátt í sýningunni
en það eru þau Álfheiður Østerby,
Árný Leifsdóttir, Ásta Margrét Grét-
arsdóttir, Daniel Máni Óskarsson,
Erla Dan Jónsdóttir, Ingólfur Arnar-
son, Jónheiður Ísleifsdóttir, Magn-
þóra Kristjánsdóttir og Róbert Karl
Ingimundarson.

Frumskýning verður föstudaginn 8.
febrúar í Versölum. Miðasala í síma
692 0939 kl. 17-20 og á midasalalo@
gmail.com.

Næstu sýningar eru sunnudaginn
10. febrúar, þriðjudaginn 12. febrúar,
þriðjudaginn 19. febrúar, föstudaginn
22. febrúar og sunnudaginn 24. febrú-
ar. Allar sýningar hefjast kl. 20:00.

Aðstoðarmaður á tæknideild á Selfossi



FAGMENNSKA
ÖRYGGI
FRAMSÝNI

Laust er starf aðstoðarmanns á tæknideild Vegagerðarinnar á Suðursvæði með starfsstöð á Selfossi. Um 100% starf er að
ræða, við ýmsa stjórnsýslu, skipulagsmál, kortavinnu, undirbúning útbóða og framkvæmda og tilfallandi skrifstofustörf.
Tæknideild Suðursvæðis hefur m.a. umsjón með undirbúningi verka og aflar frumgagna, sinnir eftirliti og gerir áætlanir fyrir
hin ýmsu verk. Umdæmi deildarinnar er Reykjanes og höfuðborgarsvæðið, allt að Hvalfjarðarbotni, stór hluti hálendisins og
Suðurlandsundirlendið allt austur að Gígjukvísl.

Ábyrgð og verkefni

- Afgreiðsla og eftirfylgni erinda vegna héraðs-
og styrkvega.
- Leyfisaflarir vegna framkvæmda.
- Móttaka og afgreiðsla erinda um skipulagsmál
í samráði við aðra og samskipti við sveitarfélög.
- Gerð teikninga og korta vegna nýrra og eldri vega.
- Gerð kynningargagna fyrir framkvæmdir.
- Aðstoð við kortavinnu í tengslum við útboðslýsingar.
- Samráð við hagsmunaaðila við undirbúning framkvæmda.
- Undirbúningur svæðisfunda og eftirfylgni mála.
- Tilfallandi skrifstofustörf og móttaka viðskiptavina.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun eða önnur sambærileg menntun sem
nýtist í starfi, en umsækjendur með menntun á sviði
tækniteknunar og reynslu í þá veru koma einnig
til greina.
- Reynsla og kunnáttu í notkun teiknerfa (e.Cad).
- Reynsla af ámóta störfum er kostur.
- Góð tölvukunnáttu.
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
sem og í hóp.
- Framúrskarandi samskiptafærni.
- Góð kunnáttu í talaðri og ritaðri íslensku og ensku.



Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags.
Umsóknarfrestur er til og með 18. febrúar 2019.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Svanur G. Bjarnason svæðisstjóri Suðursvæðis í
síma 522-1310, og Erlingur Jensson deildarstjóri tæknideilda í síma 522-1330.
Umsókn skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þar sem fram kemur rökstuðningur
um hæfi til að gegna umræddu starfi. Umsóknir berist Vegagerðinni á netfangið
starf@vegagerdin.is.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.
Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.



Ertu með frábæra hugmynd? opnað hefur verið fyrir umsóknir í Uppbyggingarsjóð

1

Menningarverkefni

Uppbyggingarsjóður styrkir menningar-
starfsemi og listsköpun á Suðurlandi

2

Atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni

Uppbyggingarsjóður styrkir atvinnuskapandi og/eða
framleiðniaukandi verkefni á Suðurlandi

Starfandi fyrirtæki eru sérstaklega hvött til að sækja um



RÁÐGJAFAR SASS AÐSTOÐA VIÐ MÓTUN VERKEFNA OG GERÐ UMSÓKNA Á EFTIRTÖLDUM STÖÐUM:

Miðvikudagur **13. febrúar** á skrifstofu **Bláskógabyggðar** kl. 10-12
Miðvikudagur **13. febrúar** á skrifstofu **Hrunamannahrepps** kl. 13-15
Fimmtudaginn **14. febrúar** í **Kirkjubæjarstofu** kl. 14-17



RÁÐGJÖF UM ALLT SUÐURLAND

Ráðgjafar eru á starfsstöðvum um allt Suðurland. Umsækjendur eru hvattir til hafa samband
við ráðgjafa á vegum SASS og fá aðstoð við gerð umsókna. Nánari upplýsingar á vef SASS.

Umsóknarfrestur er til kl. 16:00 þann 5. mars 2019

@ STYRKIR@SASS.IS



WWW.SASS.IS



S. 480-8200

Uppbyggingarsjóður er hluti af



Íþróttir

Efni sendist á: selfoss@prentmet.is



Vetraríþróttir á Selfossi

Í seinustu viku stóð Umf. Selfoss í samvinnu við áhugafólk um vetraríþróttir fyrir kynningarfundir þar sem ræddar voru ýmsar hugmyndir um iðkun og aðstöðu til vetraríþróttar á Selfossi og nágrenni.

Á fundinum var skipuð nefnd fimm einstaklinga sem vill í upphafi beita sér fyrir þremur atriðum þ.e. sætaferðum á skíðasvæðið í Bláfjöll, koma upp skautasvelli á Selfossi og lagningu gönguskiðabrauta.

Fyrsta sætaferðin í Bláfjöll var farin sl. laugardag í samstarfi við rútufrirtækið Guðmund Tyrfingsson og er stefnt á að fara þrisvar í viku a.m.k. út febrúar. Upplýsingar um ætluð í febrúar má finna á vefsíðu Umf. Selfoss

www.selfoss.net og í auglýsingum á samfélagsmiðlum.

Unnið er að því að koma upp skautasvelli í miðbæjargarðinum í samstarfi við slökkviliðið og Sveitarfélagið Árborg. Eins og nærri má geta ræðst framvinda þess verkefnis að miklu á veðurfari.

Gönguskiðabrautir voru þegar til staðar á Svarfhólsvelli að frumkvæði Golfklúbbs Selfoss en stefnt er að því að troða brautir á fleiri stöðum á Selfossi. Eins hafa borist fréttir af fleiri gönguskiðabrautum í nágrenni Selfoss.

Þá er búið að stofna síðu á fésbókinni sem heitir „Vetraríþróttir á Selfossi og nágrenni“ en þar má finna allar upplýsingar um það sem er í gangi hjá nefndinni.

Arnar Logi og Ingvi Rafn semja við Selfoss

KNATTSPYRNA Miðjumennirnir Arnar Logi Sveinsson og Ingvi Rafn Óskarsson skrifuðu á dögnum undir samninga við knattspyrnudeild Selfoss.

Arnar Logi, sem er 21 árs, hefur verið lykilmaður í liði Selfoss undanfarin ár en hann framlangdi samning sinn til tveggja ára. Arnar Logi hefur leikið 100 meistaraflokksleiki fyrir Selfoss frá árinu 2015, þar af 71 leik í Inkasso-deildinni.

Ingvi Rafn, sem er 25 ára, er uppalinn hjá Selfossi og lék síðast með liðinu árið 2015. Hann hefur spilað 49 leiki fyrir Selfoss en síðustu ár hefur hann leikið með Ægi og Árborg. Ingvi Rafn skrifaði undir eins árs samning við Selfoss.



Ingvi Rafn (t.v.) og Arnar Logi ásamt Jóni Steindóri Sveinssyni, formanni knattspyrnudeildar. Ljósmynd: Umf. Selfoss/GKS.

Stórmót ÍR 19.–20. janúar 2019



FRJÁLSAR Iðkendur í yngri flokkum tóku þátt í Stórmóti ÍR sem var haldið í frjálssíðottahöllinni í Laugardalnum. Í boði var þrautabraut fyrir 7 ára og yngri og 8–10 ára. Keppt var í sjö mismunandi þrautum sem hæfðu hvorum aldursflokki fyrir sig,

m.a. langstökki, stangarstökki, langhlaupi, boðhlaupi og köstum. Sex iðkendur frá Selfoss í flokki 7 ára og yngri og tveir iðkendur 8–10 ára tóku þátt og stóðu sig með þryði. Allir fengu þátttökuskjal í lokin.



Selfyssingar sem kepptu í flokki 7 ára og yngri og keppendur Selfoss í flokki 8–10 ára.

Ljósmyndir: Umf. Selfoss.



Keppendur á jólamótinu. Ljósmynd: Umf. Selfoss.

Fjör hjá krökkum á jólamóti á Selfossi

FRJÁLSAR Jólamót yngri flokka var haldið í Vallaskóla á Selfossi í lok nóvember. Mótið var fyrir alla iðkendur 10 ára og yngri. Foreldrar fylgdu börnum sínum í keppninni og aðstoðuðu þjálf-

ara við mælingar og tímatökur. Keppt var í langstökki án atrennu, kúluvarpi, skutlukasti og 30 m sprettlaupi. Mörg börn tóku þátt og allir fengu þátttökuverðlaun að lokum.


Heimaleikir í Coca Cola-bikarnum

HANDBOLTI Dregið var í fjórðungsúrslit í bikarkeppni HSÍ, Coca Cola-bikarnum í liðinni viku og voru báðir meistaraflokkar Selfoss í pottinum.

Stelpurnar drógust á móti Íslands- og bikarmeisturum Fram og strákarirnir á móti Val, toppliði Ólís-deildarinnar. Bæði lið fengu heimaleiki og fara leikirnir fram í Hleðsluhöllinni 18. febrúar.

Liðin sem bera sigur úr býtum


taka þátt í bikarhelginni HSÍ í Laugardalshöll í byrjun mars.



Stelpurnar kepptu á Seltjarnarnesi

HANDBOLTI Stelpurnar í 8. flokki tóku þátt í Cheerios-mótinu seinustu helgina í janúar. Mótið var haldið á Seltjarnarnesinu og voru stelpurnar félaginu til mikils sóma. Ljósmyndir frá þjálfurum og foreldrum.

Mótsmet og HSK-met sett á MÍ 15–22 ára í frjálsum



Sebastian Þór Bjarnason (í miðju) setti tvö mótsmet á mótinu í flokki 15 ára pilta, í þrístökki og 60 m grindahlaupi.



Sveit HSK/Selfoss í 4x200 m boðhlaupi 16–17 ára. F.v.: Jónas, Dagur Fannar, Unnsteinn og Sindri Freyr Seim.



HSK/Selfoss sigraði í stigakeppni 16–17 ára stúlkna. F.v.: Hildur Helga, Birta Sigurborg, Unnur og Jóna Kolbrún.



HSK/Selfoss sigraði í stigakeppni 15 ára pilta. F.v.: Sebastian Þór, Brynjar Logi, Haukur og Niklas Þór.

FRJÁLVAR ÍPRÓTTIR Fjölmennur hópur af sambands-svæði HSK mætti á Meistaramót Íslands í frjálsum íþróttum 15–22 ára sem haldið var í Kaplakrika í Hafnarfirði 26.–27. janúar sl.

Keppendur HSK settu sex HSK-met og tvö mótsmet á mótinu. Sveit HSK/Selfoss varð í 2. sæti í 4x200 m boðhlaupi 16–17 ára pilta á tímanum 1:36,15 mín. Tíminn er héraðsmet í flokkum 16–17 ára, 18–19 ára, 20–22 ára og í karlaflokkum. Sveitina skipuðu þeir Sindri Freyr Seim Sigurðsson, Unnsteinn Reynisson, Jónas Grétarsson og Dagur Fannar Einarsson. Eldra met var tæplega árgamalt; 1:37,78 sek.

Dagur Fannar bætti auk þess sex daga met sín í 400 metra hlaupi um 0,26 sekúndur, en hann hljóp



Nokkrir af keppendum HSK/Selfoss á Meistaramóti Íslands í frjálsum íþróttum 15–22 ára. Myndir: Guðbjörg Viðarsdóttir.

á 51,66 sek. Þetta er bætning á metum bæði 16–17 ára og 18–19 ára flokki pilta.

Sebastian Þór Bjarnason setti tvö mótsmet á mótinu í flokki 15 ára pilta, í þrístökki og 60 m grindahlaupi. Sebastian stókk 12,27 m í þrístökkinu og bætti mótsmet Birgis Jónssonar úr ÍR um 15 sm. Í grindahlaupinu hljóp Sebastian á 8,82 sek. og bætti mótsmet Hákonis Birkis Grétarssonar, HSK/Selfoss, um 0,1 sekúndu.

Lið HSK/Selfoss náði ekki að verja titilinn í stigakeppni þátttökuliða. ÍR vann stigabikarinn með 392 stig, HSK/Selfoss varð í 2. sæti með 305 stig og FH kom þar skammt á eftir með 288 stig. HSK/Selfoss vann stigakeppnina í tveimur aldursflokkum, hjá 15 ára piltum og 16–17 ára stúlkum.

Jákvæður rekstur hjá Golfklúbbsi Þorlákshafnar – Friðrik Guðmundsson gerður að heiðursfélaga

GOLF Rekstur Golfklúbbs Þorlákshafnar var jákvæður á síðasta ári. Aðsókn kylfinga á golfvöllinn jókst um 25% frá fyrra ári þrátt fyrir talsverða ótíð hluta sumars. Þá skilaði klúbburinn jákvæðri rekstrarafkomu fyrir starfsárið 2018.

Talsverðar framkvæmdir voru á vellinum sl. ár. Búið er að taka tvær nýjar brautir í notkun og unnið er að undirbúningi vegna tveggja annarra brauta sem vonast er til að verði tilbúnar síðsumars 2019. Þessar breytingar koma einkum til vegna ágangs sjávar og sandfoks, en þær brautir sem hafa verið teknar úr notkun liggja næst sjávarkambinum. Starfsmenn og félagar klúbbsins hafa unnið mikið starf vegna þessara breytinga ásamt því að Sveitarfélagið Ölfus hefur stutt vel við bakið á klúbbnum við þessar framkvæmdir.

Heimsóknir á völinn jukust verulega og má einkum rekja það til þess að völlurinn er sífellt að verða vinsælli á meðal kylfinga og eins er hægt að leika á honum lengur en á öðrum golfvöllum. Ekki skemmir heldur fyrir að golfvöllurinn þykir einstaklega vel hirtur og flatirnar eru með þeim allra bestu á Íslandi.

Klúbburinn skilaði rúmlega



Friðrik Guðmundsson (t.h.) ásamt Guðmundi Baldurssyni, formanni klúbbsins.

1.200 þúsund króna hagnaði á síðasta ári þrátt fyrir mjög hóflegt árgjald og flatargjald, því lægsta sem fyrirfinnst á 18 hlu golfvöllum á Íslandi.

Félagar golfklúbbsins í dag eru 280 og hefur þeim fækkað örlítið frá fyrra ári. Barna- og unglingastarf klúbbsins var mjög öflugt og sóttu 46 börn og unglingar á aldrinum 5 til 16 ára golfnámskeið síðasta sumar. Vonast er til að þar fari framtíðarkylfingar klúbbsins.

Annar þáttur sem tókst einnig mjög vel var kvennastarfið, en konurnar voru með fastan tíma einu sinni í viku. Fjölmörg mót voru haldin á vegum klúbbsins og tókust þau yfirleitt mjög vel.

Það sem stendur klúbbnum

einkum fyrir þrifum er bágur húsakostur. Golfskálinn er engan veginn í takt við þær kröfur sem gerðar eru til slíkra bygginga í dag. Ekki er hægt að halda stór og fjölmenn golfmót á meðan núverandi skáli er í notkun. Ekki er að efa að klúbburinn fengi fjölmörg slík mót með bættri aðstöðu, enda einn af bestu golfvöllum landsins.

Á aðalfundinum sem haldinn var í Golfskálanum 22. janúar sl. var Friðrik Guðmundsson gerður að heiðursfélaga fyrir framlag sitt til golfklúbbsins. Aðalfundar-gestir virtust vera mjög ánægðir með starfsemi klúbbsins sem sést best á því að öll stjórn klúbbsins var endurkjörin.

OLÍS-DEILD KARLA
HEIMALEIKUR GEGN:
ÍBV
MÁNUDAGINN 11. FEB. KL. 19:15
HLEÐSLUHÖLLINNI SELFLOSSI



Sýslumaðurinn á Suðurlandi

UPPBOÐ

Einnig birt á www.naudungarsolur.is.

Eftirtalin ökutæki verða boðin upp aftan við lögreglustöðina á Selfossi, Hörðuvöllum 1, Selfossi föstudaginn 15. febrúar 2019 kl. 14.00, að því gefnu að gerðarbeiðandi færi þau á uppboðsstað.

Mitsubishi, Lancer, árgerð 2000, fnr. VJ-476
Toyota, Corolla Verso, árgerð 2008, fnr. RX-T32
Volkswagen, Golf, árgerð 1991, fnr. JX-Y16
Opel, Astra-G-Caravan, árgerð 2001, fnr. RA-517
Ford, Freetec 678 G/8, árgerð 2006, fnr. LU-S48
Volkswagen, Transporter Kasten, árgerð 2005, fnr. VE-683
Nissan, Np300 Navara, árgerð 2017, fnr. RB-Z32
Volkswagen, Polo, árgerð 2011, fnr. SR-D61
Toyota, Hilux, árgerð 2007, fnr. ZX-E27
Kawasaki, Kx450, árgerð 2009, fnr. PP-U45
Goes, 450L, árgerð 2017, fnr. FK-N70
Audi, Tt, árgerð 2007, fnr. BY-374
Lexus, Is200, árgerð 2000, fnr. VX-283
Citroen, Berlingo, árgerð 2005, fnr. NH-717

Hvorki ávísanir né kreditkort eru tekin gild sem greiðsla, einungis debetkort, millifærsla eða reiðufé. Greiðsla við hamarshögg.

Sýslumaðurinn á Suðurlandi
1. febrúar 2019

Laus staða hjá Selfossveitum

Selfossveitur reka hita- og vatnsveitu Sveitarfélagsins Árborgar. Fyrirtækið er til húsa að Austurvegi 67.

Selfossveitur óska eftir starfsmanni á sviði hita- og vatnsveitu. Starfið heyrir undir verkstjóra vatns- og hitaveitu.

Ábyrgðar- og starfssvið:

Hita- og vatnsveita:

- Almenn störf vegna notendapjónustu veitnanna.
- Verkpættir eru m.a. við:
- Mæla álestur hjá fyrirtækjum og stofnunum
- Umsjón með lager á mælitækjum veitunnar
- Pjónusta við notendur
- Aðstoð við önnur störf innan veitunnar

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Reynsla af verklegum framkvæmdum er kostur
- Hafi góða þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og skipulagshæfni
- Ensku- og tölvukunnátta æskileg

Frekari upplýsingar um starfið veita Sigurður Þór Haraldsson, deildarstjóri vatns- og hitaveitu í síma 480 1500 á skrifstofutíma. Umsókn þarf að berast í síðasta lagi **15. febrúar nk.**

á netfangi@sigurdur@arborg.is.

Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um starfið.





Frá Myndlistarfélagi Árnassýslu:

Aðalfundur félagsins verður haldinn sunnudaginn 24. febrúar kl.14.00 á vinnustofu félagsins að Bankavegi 3 Selfossi.

Á dagskrá verða venjubundin aðalfundarstörf.

Stjórnin.



Orlofshús Bárunnar, stéttarfélags um páska 2019

Báran auglýsir orlofshús félagsins laus til umsókna fyrir páskavíkuna 17. apríl - 24. apríl 2019.

Umsóknarfrestur er til 25. febrúar nk. Hægt er að sækja um á Orlofssíðu Bárunnar, einnig verður hægt að fá aðstoð við umsóknarferlið á skrifstofu félagsins við Austurveg 56, 800 Selfoss eða í síma þjónustuskrifstofu stéttarfélaganna, 480 5000.

Úthlutun orlofshúsa mun liggja fyrir þann 28. febrúar nk. Öllum umsóknum verður svarað.

Verð á vikudvöl í Þverlág 1, 2 og 3 og Grýluhrauni er 20.000 kr. Vikudvöl í orlofsíbúð á Akureyri er 22.000 kr. (24 punktar).

Leigutímabil er frá miðvikudegi til miðvikudags. Íbúðin Söltúni 28, Rvk. verður í sveigjanlegri leigu eins og verið hefur hingað til.

Báran, stéttarfélag

Austurvegi 56, 800 Selfoss – sími 480 5000
baran@baran.is - <https://www.baran.is>

Entu í söluhugleiðingum á nýju ári?



Verið velkomin í kaffi til okkar að Austurvegi 6 Selfossi



Svein Sigríðsson



Guðbjörg Guðmundsdóttir



Sigríður Jónsson

DOMUSNOVA
Fasteignasala

FASTEIGNASALA VENJULEGA FÓLKINS - AUSTURVEGI 6 - WWW.DOMUSNOVA.IS - SÍMI 527 1717

Ábyrg ferðahegðun

Fjölgun í komu ferðamanna til Íslands hefur leitt til aukinnar hagsældar í efnahagskerfi landsins, fleiri störf hafa skapast og byggðir landsins styrkst. Það eru tvær hliðar á sama peningi og hefur þessi þróun einnig leitt til ýmissa áskorana hvað varðar samfélagsleg og umhverfisleg þolmörk.

Ferðamenn á Íslandi eru mismunandi og hafa mismikil áhrif á efnahag, umhverfi og samfélag. Rannsóknir á ferðavenjum sýna að flestir ferðamenn koma til þess að sjá og upplifa náttúru Íslands en ferðamenn eru einnig áhugasamir um íslenska menningu. Á þeim svæðum þar sem stunduð er ferðamennska mætast mismunandi menningarheimar sem getur oft og tíðum verið krefjandi. Heimamenn kynnst ólíkum siðum og venjum á meðan ferðamenn vilja kynnst menningu svæðisins.

Ferðamenn sem koma til Íslands eru margir hverjir vanir ferðamenn sem sýna ábyrga ferðahegðun en einnig koma hingað ferðamenn sem eru ekki vanir því að ferðast, eru svokallaðir fyrstu kynslóðar ferðamenn. Hegðun og umgengni um náttúru

og menningu landsins er kannski ekki alltaf til fyrirmyndar og er ástæðan kannski sú að þessir ferðamenn eru enn að læra að ferðast. Áhugavert er í þessu samhengi að líta til þess þegar Íslendingar byrjuðu að fara til sólarlanda á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar. „Á Spáni er gott að djamma og djúsa“ eins og Laddi syngur svo skemmtilega lýsir þessum ferðalögum kannski ágætlega. Það má segja að Íslendingar hafi á þeim tíma verið fyrstu kynslóðar ferðamenn. Hegðun og umgengni um náttúru og menningu þeirra svæða sem þeir heimsóttu var ekki alltaf til fyrirmyndar. Stundum finnst okkur skrítið að ferðamenn sem koma til Íslands taki með sér mat að heiman eða eldi núðlur inni á herbergjum. Þá er gott að rifja upp þegar íslenskar fjölskyldur tóku með sér lambalærið og Ora grænar til útlanda svo fjölskyldumeðlimir þyrftu ekki að vera án þess að fá íslenskan mat í heilar tvær vikur.

Ferðamenn munu koma áfram til Íslands, bæði þeir sem ferðast á ábyrgan hátt en einnig þeir sem hafa litla reynslu af ferðalögum. Til þess að auka enn frekar á já-



kvæða upplifun heimamanna og ferðamanna þurfum við að huga að því hvernig við sem samfélag getum stutt við og hvatt til ábyrgar ferðahegðunar þannig að áhrif ferðaþjónustu á efnahag, samfélag og náttúru haldi áfram að vera jákvæð fyrir land og þjóð.

Markaðsstofa Suðurlands er hluti af stöðkerfi ferðaþjónustunnar á Suðurlandi. Tilgangur hennar er m.a. að hafa yfirsýn, gæta hagsmuna og veita upplýsingar. Þessi grein er liður í að efla umræðu og fræðslu um áhrif ferðaþjónustu á svæðinu.

Í hvernig samfélagi vil ég búa?

Í desember 2017 voru íbúar Árborgar 8.967 og fjöldi íbúa í desember 2018 var 9.452. Það gerir fjölgun upp á 485 einstaklinga. Gera má ráð fyrir að meðal þessara 485 einstaklinga sé allur skalinn af fólki, þar með talin börn.

Börnin okkar eru framtíðin en við sem samfélag berum ábyrgð á að veita þeim umhverfi sem hjálpar þeim að dafna og skína hver á sinn hátt. Til þess að gera það þurfum við því að líta inn á við og hugsa vel og vandlega hvernig samfélag við viljum að börnin okkar alist upp í.

Leikskólarnir okkar eru framúrskarandi með mikið af fagfólki innanborðs sem vinnur hörðum höndum að því að hugsa um og kenna börnunum okkar. Á það einnig við um grunnskólana. Það má svo ekki gleyma hinu frábæra íþróttar-

Inga Jara Jónsdóttir,

5. sæti á lista Framsóknar og óháðra í Árborg.



starfi sem hér ríkir og tel ég að með tilkomu frístundarúttunnar höfum við sem samfélag ýtt undir að enn fleiri hafi tækifæri til þess að stunda þær íþróttir sem þeir kjósa sér. Þá hefur frístundastyrkur verið hækkaður úr 30.000 í 35.000 krónur.

Við erum að gera margt mjög gott og mikilvægt er að hugsað sé um fjölskylduna í heild sinni. Hvernig ætlum við að koma til móts við barnafjölskyldur svo að öll börnin okkar hafi jöfn tækifæri til að skara fram úr.

Þann 16. janúar síðastliðinn var samþykkt samhljóða á

fundi bæjarstjórnar að hækka systkinaafslátt með öðru barni úr 25% í 50%, þá er systkinaafsláttur 100% með þriðja barni. Þessum breytingum tek ég fagnandi því það að kosta systkinahóp í leikskóla, skóla, frístundaiðkun eða íþróttaiðkun auk alls annars sem nútíminn kallar á kostar einfaldlega of mikið.

Með þessum hækkunum sem taldar eru upp hér að ofan tel ég að bæjarstjórn sé að koma til móts við þær barnafjölskyldur sem hér búa, þó þarf að halda áfram þeirri góðu vinnu og stíga fleiri skref í að auka systkinaafslátti barnmargra fjölskyldna því heildarkostnaður þeirra er umtalsverður. Við í Árborg erum á góðri leið með því að vera í fararbroddi íslenskra samfélaga þegar kemur að því að styrkja og styðja börnin og þeirra fjölskyldur.

Orð vikunnar – verkefni á yngsta stigi í Vallaskóla

Á yngsta stigi Vallaskóla er skemmtileg vinna í gangi til að efla orðaforða nemenda.

Orð vikunnar er nýtt verkefni á yngsta stigi. Tilgangur þess er að auðga orðaforða nemenda en rannsóknir hafa sýnt að með ríkulegum orðaforða eflist lesskilningur þeirra. Góður orðaforði er lykillinn að lesskilningi og farsælu námsgengi. Fjögur orð eru tekin fyrir vikulega og taka kennarar og starfsmenn skólans þátt í að

nota þessi orð, sumir munnlega og aðrir skriflega.

Orðin eiga það sameiginlegt að heyrast ekki oft í daglegu tali en eru algeng í lesmáli og ein-kenna tal þroskaðra málnotenda. Sum orðin hafa margræða merkingu og geta skapað skemmtilegar umræður og stemningu.

Orðin fara á laubflöð sem eru svo sett á orðatré og verðum við því komin með mjög gróskumikið og glæsilegt tré í vor.



Orð vikunnar komin á tréð.



Velliðan

Velliðan er heitið á 2. kafla nýrrar menntastefnu Árborgar 2018-2022. Menntastefnan er aðgengileg á arborg.is og er hægt að fá útprentuð ein-tök í Ráðhúsi Árborgar. Í þessum kafla er m.a. lögð áhersla á að nemendum og starfsfólki líði vel í skólanum og samskipti séu jákvæð.

Skólabragur

Skólamenning einkennist af virðingu og samkennd.

Skólabragur er jákvæður og skólamenning einkennist af virðingu og samkennd. Mikilvægt er að nemendum og starfsfólki líði vel og þeir eigi jákvæð og uppbyggjandi samskipti. Allir aðilar skólasamfélagsins, starfsmenn, foreldrar og nemendur eru fúsir til samvinnu og upplýsingagjafar. Unnið er eftir skýrum verklagsreglum í samskiptamálum. Mat á skólastarfi er nýtt til að tryggja góða líðan nemenda, menntun og gott skólaumhverfi.

Skóli fyrir alla

Virðing fyrir fjölbreytileika og umhyggja einkenna starfið.

Lögð er rækt við sterka

sjálfsmynd, sjálfsöryggi og metnað allra nemenda. Í skóla margbreytileikans er komið til móts við alla nemendur. Mis-munandi menningaruppruni er nýttur sem tækifæri í námi og kennslu. Nemendur læra að bera ábyrgð á eigin heilsu og leggja rækt við heilbrigða lífs-hætti. Kennarar fá upplýsingar, stuðning og ráðgjöf til að laga námsumhverfið að skóla fyrir alla.

Lýðræði og mannréttindi

Áhersla á nemendalýðræði - hlustað á rödd barna og unglinga.

Áhersla er lögð á lýðræðis- og mannréttindamenntun sem byggist á gagnrýnni hugsun og ígrundun um grunngildi samfélagsins. Forsenda lýðræðis er samábyrgð, meðvitund og virkni nemenda, starfsmanna og forráðamanna. Rödd barna og unglinga hefur vægi í námi og skólastarfi. Einstaklings-, bekkjar- og hópviðtöl eru í boði á hverju skólaári. Nemendafélög skólanna hvetja til samstarfs skóla á ýmsum sviðum, bæði í námi og félagslífi. Starf nemendafélaga er öflugt.

Frjáls með Framsókn í Hveragerði

-Lokauppgjör vegna sveitarstjórnarkosninga 2018

Frjáls með Framsókn í Hveragerði buðu fram til sveitarstjórnar í fyrsta sinn árið 2014 og ákveðið var að bjóða fram á ný í sveitarstjórnarkosningunum 2018. Á bak við framboðið stóð öflugur og fjölbreyttur hópur fólks sem vildi leggja sitt lóð á vogar-skálarar til að þróa Hveragerði sem enn betri stað til búsetu, því lengi má gott bæta. Megin áherslan var lögð á fjölskylduna og umhverfi.

Ljóst var í upphafi að framboðinu væri skorinn mjög þröngur stakkur fjárhagslega og því yrði að halda öllum kostnaði í algjöru lágmarki. Það tókst með ágætum, ekki síst vegna ómetanlegs sjálfbærðastarfs framboðenda og velunnara. Heildarkostnaður framboðsins var 249.765 kr., sem skiptist þannig:

- Prentun 102.200 kr.
- Auglýsingar 10.235 kr.



Garðar R. Árnason, bæjarfulltrúi og Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, vara bæjarfulltrúi.

- Húsaleiga 50.000 kr.
- Veitingar 34.330 kr.
- Skemmtanir 53.000 kr.
- Kostnaður alls 249.765 kr.

Fimm fyrirtæki styrktu framboðið með samtals 250.000 kr., hæsti styrkurinn var 75.000 kr.

Framundan er að vinna mál-efnum framboðsins framgang, ásamt öðrum góðum málum óháð hvaðan þau koma. Framboðið leggur mikla áherslu á samstöðu og samvinnu í mál-efnum bæjarins og hafnar pólitísku dægurþrasi um keisaran skegg.



Vantar þig heyrnartæki?

Heyrnarmælingar, ráðgjöf og heyrnartækjapjónusta

Árni Hafstað heyrnarfræðingur verður á Selfossi við heyrnarmælingar, ráðgjöf og sölu heyrnartækja. Mikið úrval af hágæða heyrnartækjum.



Selfoss - 25. febrúar

Bókaðu tíma í síma 568 6880 eða á www.heyrnartaekni.is

Heyrnartækni

Heyrnartækni | Glæsibæ | Álfheimur 74 | 104 Reykjavík | Landsbyggðapjónusta | Sími 568 6880

Námskeið fyrir byggingamenn

Byggingargátt



Þetta námskeið er fyrir iðnmeistara og byggingastjóra sem þurfa að tengjast rafrænni byggingargátt Mannvirkjastofnunar. Tilgangur þess er að kenna þátttakendum notkun gáttarinnar. Í rafrænu byggingargáttinni verða vistuð öll gögn vegna mannvirkja, allt frá umsókn um byggingarleyfi til lokaúttektar. Þar verða vistaðar umsóknir og útgefin byggingarleyfi, öll gögn sem leyfin byggjast á, hönnunargögn, teikningar og skoðunarskýrslur. Þátttakendur þurfa að taka með sér á námskeiðið rafræn skilríki eða Íslykil og snjalltæki með Android stýrikerfi og uppsettu gmail netfangi.

Kennari:	Sérfræðingar Mannvirkjastofnunar.
Staðsetning:	Fræðslunetið, Tryggvagötu 13, Selfossi.
Tími:	Þriðjudagur 12. febrúar kl. 10.00 – 12.00.
Fullt verð:	6.000 kr.
Verð til aðila ÍDUNNAR:	2.000 kr.

Nánari upplýsingar og skráning á idan.is og í síma 590 6400.

12. feb.



IDAN
fræðslusetur
www.idan.is

Almennur safnaðarfundur Hraungerðissóknar

Almennur safnaðarfundur í Hraungerðissókn verður haldinn í Þingborg fimmtudaginn 14. febrúar kl. 20:00.

Kynning og umræður um sameiningu Selfossprestakalls og Eyrarbakkaprestakalls.

Sóknarnefnd Hraungerðissóknar

Atvinna !

Hjá Maddý ehf. leitar að bókara í 100% starf.
Starfið felst meðal annars í almennri bókhalds- og launavinnu fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

Hæfniskröfur:

Almenn þekking á bókhaldi og rekstri.
Þjónustulund og samskiptahæfileikar.
Æskileg er þekking á dk. bókhaldskerfi, Excel og Word.

Maddý ehf. er fyrirtæki sem sér um bókhald, ráðgjöf og skattskil fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Mikil áhersla er lögð á persónulega þjónustu og góð samskipti við viðskiptavinum fyrirtækisins.

Umsóknir óskast sendar með upplýsingum um menntun og fyrri störf til

Hjá Maddý ehf., Eyravegi 27, Selfossi.

Umsóknarfrestur er til 20. febrúar 2019.

Allar frekari upplýsingar gefur
Margrét K. Erlingsdóttir í síma 482 3454
eða á netfanginu maddy@maddy.is

Lúxus sokkar

Úrvalið af sokkagarninu hjá okkur er óvenjugott, ólíkar efnisgerðir, grófleikar, áferð og litbrigði og þá koma upp nýjar hugmyndir að sokkum, að þessu sinni algjörum lúxus sokkum! Garnið heitir ALPACA SOFT Regia Premium og er ein þriggja tegunda sem við fengum nýlega frá þýska framleiðandanum Schachenmayr. 62% ull, 23% polyamid (nælonstyrking) og 15% alpaka. 100 gr, 310 m - Prj. 2.5-3.5. Hinar tvær tegundirnar eru annars vegar með yakuxa- og merinoblöndu og silki- og merinoblöndu.

Sokkarnir eru í stærð 36-7 og eru prjónaðir á prj no 3. Enn sönnuðu Trio prjónarnir sig. Byrjað er að prjóna framan á tanni.

Fitjið upp 16 l. Takið tvo prjóna og færið lykkjurnar upp á þá prjóna, eina lykkju í einu á hvorn prjón til skiptis og þá eru 8 l á hvorum prjóni.

Prjónið hér eftir í hring. Setjið merki í hliðarnar ef prjóna á með 5 prjónum og skiptið lykkjunum á þá þegar hentar.

Aukning á tá:

** 1 sl, * taka upp þráðinn sem er á milli, snúa upp á og prj sl í hann*. Prjónið þar til 1 l er eftir á prjóninum og endurtakið * - *

Prjónið hinn prjóninn eins **.

Endurtakið ** _ ** þangað til 28 l eru í umferðinni.

prj 1 umf sl og síðan ** - ** tvisvar

Prj 2 umf sl og síðan *** - *** þrisvar. Nú eiga að vera 48 l í umf.

Prj 4 umf slétt.

Fyrri prjóninn (fyrri helmingurinn af lykkjunum) verður nú prjónaður með mynsturprjóni en seinni helmingurinn sl prjóni.

Ein mynstureining er 4 umf:

< 3 br, 3 sl, 2 br, 3 sl, 2 br, 3 sl, 2 br, 3 sl, 3 br, 24 sl > 2 umferðir

3 br, << Næstu þrjár lykkjur á prjóninum eru sléttar. Krækið prjóninum í þá öftustu og steypið henni framaf prjóninum yfir hin- ar tvær. Þá eru tvær lykkjur eftir. Prj 1 sl, slá uppá, 1 sl, 2 br >>. Endurtakið << - >>. <<< Takið næstu l fram af prj óprj, 1 sl, slá upp á, 1 sl, taka óprj l yfir þær þrjár sem komnar eru á prj til viðbótar >>>. 2 br. endurtaka <<< - >>>, 3 br. 24 sl. Prj eina umf < - >

Prjónið áfram mynsturprjón alls 38 umf. Þá byrjar smávægileg aukning í hliðunum til að gefa meiri vídd um ristina. Gerið nýja l í upphafi umferðar með því að taka upp þráðinn sem er á milli, snúa upp á og prj br í hann, endurtakið í lok mynsturprjóns hinum megin. Prj 2 umf. Endurtakið tvisvar en endið við lok mynstursins í síðustu umferðinni. Nú ætti að hafa fjölgað um 6 l og br l hvoru megin við mynsturprjónið ættu að vera 6. Nú verður prj hæl með stytum umferðum á slétta hlutan- um.



Lúxus sokkar.

Prj (slétt á réttu, brugðið á röngu) þar til ein l er eftir (í fyrstu og annarri umf og síðan altaf einni l fyrr). Takið hana óprj af prj eins og ætti að prj sl. Snúið stykkinu þannig við að bandið fari utan um lykkjuna. Takið hana óprj af prj eins og ætti að prj sl. Köllum þessa lykkju snúningslykkju og er minni hætta á götum á hælunum ef ekki er prjónað of laust hérna. Þegar búið er að prjóna þannig og snúa við í síðasta sinn eru 8 snúningslykkjur í köntunum og 8 l eftir á miðju hælstykkinu.

Prjónið áfram fram og til baka en nú bæt- ist ein snúningslykkja við í enda hverrar um- ferðar. Hún er prjónuð með því að fara með prjóninn fyrst inn undir bandið sem lagðist utanum hana og síðan inn í sjálfa lykkjuna og prj sl bæði á réttu og röngu. Snúið við og tak- ið fyrstu l óprj af prj (eins og gera eigi sl l á réttunni en eins og eigi að gera br l á röngunni - við þetta verður sl lykkja á brúninni við samskeytin báðum megin). Þegar búið er að prjóna upp allar snúningslykkjurnar og snúa við í síðasta sinn er prjónað áfram í hring. Í fyrstu umferðinni er gott að búa til lykkju við samskeytin í hliðunum sem er síðan prjónuð með næstu l við hliðina í næstu umf til að koma í veg fyrir að þar myndist göt.

Í 3. umf frá hæl er byrjað að fækka aftur lykkjum í aukaviddinni í hliðunum. Í upphafi umf eru prj saman 2 br og aftur í lok mynstur- prjóns. Prj 2 umf og endurtakið þetta tvisvar.

Þegar búið er að prj 16 umf frá hæl byrjar stroff aftan á kálfanum. 3 sl, (2 br, 2 sl þar til 5 sl eftir), 2 br, 3 sl. Haldið áfram að prjóna mynsturprjónið að framan alla leið upp. Þegar stroff er orðið 18 sm er fellt laust af með því að prj 2 sl, prjóna aftur í gegnum þær, * prj 1 sl og prj í gegnum síðustu 2 l *. Endurtaka * - * út umf. Slítið frá og prjónið hinn sokk- inn eins. Gangið frá endum og vindið úr volgu sápuvatni skolið og leggið til þerris.

Hönnun: Alda Sigurðardóttir



Hannyrðabúðin

Eyravegi 23, Selfossi // 555-1314



SAUMASTOFAN

Eftir Kjartan Ragnarsson
Í leikstjórn Guðfinnu Gunnarsdóttur

FRUMSÝNING föstudaginn 8.febrúar
2. sýning sunnudaginn 10.febrúar
3.sýning þriðjudaginn 12.febrúar
4. sýning þriðjudaginn 19.febrúar
5. sýning föstudaginn 22.febrúar
6. sýning sunnudaginn 24.febrúar

Sýnt í Versölum, Þorlákshöfn
Allar sýningar hefjast kl: 20:00
Miðasala í síma 692-0939 milli 17-20
og á miðasalalo@gmail.com
Miðaverð kr. 2500

DFS.is
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS



Mikilvægi hreyfifærni barna og máttur okkar

- seint er að byrgja brunninn, þá barnið er dottið ofan í

Díana Gestsdóttir,

tveggja barna móðir, íþrótta- og heilsufræðingur og skyndihjálparkennari.



Vissir þú að...

Börn nota hreyfingar til að sýna tilfinningar sínar, tjá sig og kanna heiminn og sjálfan sig með þeim. Barn þarf mikla og fjölbreytta hreyfingu til að stuðla að heilbrigðum lífsstíl. Heilbrigður lífsstíl, andlega og líkamlega ýtir undir eðlilegan þroska- og hreyfiþróunarferil. Hver einasta hreyfing, hvort sem hún er stór eða smá er afleiðing margra flókinnar hluta í líkama þeirra. Til að börn viðhaldi hreysti og þroskist eðlilega er mikilvægt að þau fái að hreyfa sig. Þróun á grundvallar hreyfimyndum og eðlileg þróun stoðkerfis er háð því að barn fái að stunda hreyfingu í talsverðum mæli. Embætti Landlæknis ráðleggur börnum og unglingum að hreyfa sig í minnst 60 mínútur á dag af meðal- til mikillar ákefðar. En rannsóknir sýna að mörg börn ná ekki að uppfylla ráðlögð viðmið um hreyfingu daglega. Umhverfið sem börn alast upp í

er eini þátturinn sem við höfum bein áhrif á til að auka og bæta hreyfiþróun barna. Þeir mismunandi þættir sem barnið kemst í tengsl við í uppveitnum eiga allir sinn þátt í að móta hreyfifærni barnsins.

Börnin okkar - framtíðin okkar

Börn þurfa tækifæri til þess að þjálfast í gegnum fjölbreyttan hreyfileik þar sem hreyfifærni þeirra og líkamshreysti þroskast í gegnum hreyfingu og leiki í daglegu lífi, t.d. með því að klifra eða hoppa. Börn sem búa yfir góðri hreyfifærni eiga meiri möguleika á að þróa með sér færni sem notast er við í leikjum og íþróttum. Eins eiga þau auðveldara með að taka þátt í hreyfingu heldur en börn sem stríða við hreyfivanda. Þannig er staða barns í hreyfifærni forsenda fyrir þátttöku í hreyfingu sem leiðir svo af sér reynslu í hreyfingu og frekari þróun á hreyfifærni.

Ef barn fær ekki tækifæri til að þjálfast í tiltekinni færni gefur það augaleið að það nái ekki árangri og því getum við sagt að engar framfarir verði án þjálfunar. Tækifærin sem felast í nánasta umhverfi barnanna sem þau leika sér í daglega eru dýrmæt en vilja oft gleymast. Til að sporna við hreyfivanda eru stofn-

anir eins og leikskólinn mjög mikilvægur hlekkur og þar eru mörg tækifæri til að efla hreyfifærni.

Þú ert fyrirmyndin

Mikilvægt er að auka hreyfingu barna snemma á ævinni, talið er að hreyfing og kyrrsetuhegðun haldist nokkuð stöðug frá snemmæsku og til fullorðinsára. Jákvæð fylgni er á milli þess að börn séu virk á sínu aldurs skeiði verði þau virk á seinni aldurs skeiðum og minnki þar með líkurnar á að þróa með sér langvinna sjúkdóma, þar með talið óvirkni sem einn af áhættuþáttunum.

Mikilvægt er að stuðla að heilbrigðu og hvetjandi umhverfi fyrir yngstu börnin sem eru framtíðin okkar. Börn eru sjaldnast meðvituð um mikilvægi hreyfingar og því er nauðsynlegt að foreldrar og kennarar séu þeim góðar fyrirmyndir og temji sér heilbrigðan og góðan lífsstíl.

Margt er vel gert en betur má ef duga skal

Við erum heppin hér í Árborg, strax við tveggja mánaða aldur er hægt að byrja með börnin í „Guggusundi“ og rúmlega eins árs mega þau byrja í íþróttaskólanum, fjögurra ára mega þau

meðal annars byrja í fimleikum, fótbolta og frjálsum. Eins finnst mér vert að nefna að á Íslandi stöndum við mjög framarlega þegar kemur að menntun þjálfara og er íþróttastarfið einstakt og forvarnagildi þess til fyrirmyndar á heimsvísu.

Margt er vel gert en betur má ef duga skal og alltaf má gera betur. Með heilbrigði og forvarnir að leiðarljósi skora ég á sveitarfélagið að leyfa hvatagreiðslum að byrja við fæðingu eins og tíðkast í a.m.k. sex sveitarfélögum, það gæti reynst fjölskyldum hvatning til hreyfingar og í leiðinni er stuðlað að réttindum barna og heilsusamlegra samfélaga. Það getur tekið í buddu foreldra að greiða fyrir þátttöku barna sinna í íþróttum í dag en ég lít svo á að hver króna sem ég set í íþróttastarf fyrir mín börn sé ein allra besta fjárfestingin til framtíðar og ég skora á alla foreldra að hugsa slíkt hið sama. Ef við stefnum á að verða Heilsueflandi samfélag sem og barnvænt velferðarsamfélag þá þurfum við að hugsa um fyrirbyggjandi aðgerðir.

Það er mun ódýrara að fyrirbyggja en að meðhöndla, eins og máltækið segir að seint sé að byrgja brunninn, þá barnið er dottið ofan í.

Hollvinasamtök Heilsustofnunar NLFÍ afhentu tvö tæki



Hollvinasamtök Heilsustofnunar NLFÍ í Hveragerði afhentu stofnuninni í liðinni viku tvö ný tæki sem munu nýtast vel í þjónustu við dvalargesti Heilsustofnunar.

Annars vegar voru fjármögnuð kaup á áreynslubúnaði frá Welch Allyn/Mortara. Um er að ræða heildstæðan áreynsluþrófunarbúnað þ.e. hugbúnaður, tölva, prentari, mónitor, skápur undir tækið og æfingahjól. Hins vegar færðu samtökin Heilsustofnun, Seca mBCA líkamsgreiningartæki sem mælir m.a. vöðvamassa, fitumassa, og vatnsmagn í líkamanum.

Heildarverð þessa búnaðar er 4,5 milljónir og er fjármagnað úr sjóði Hollvinasamtaka Heilsustofnunar. Hollvinir eru um 1.100 talsins, árgjaldið er 3.000 kr. á ári og rennur það óskipt til kaupa á tækjum og búnaði fyrir Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði.

OPINN FUNDUR

UM ATVINNU – OG SAMGÖNGUMÁL Í SUÐURKJÖRDÆMI

Ari Trausti Guðmundsson þingmaður VG í Suðurkjördæmi og Kolbeinn Óttarsson Proppé fulltrúi VG í atvinnuveganefnd

Félagsheimilið Þingborg í Hraungerðishreppi

Þriðjudaginn 12. febrúar kl. 20.00

f /vinstrigraen @vinstrigraen

VINSTRI GRÆN



Elva Þráins

Þetta fljóð verður 40 ára
föstudaginn 8. febrúar.

Hún verður heima um kvöldið
að poppa! og brugga bjór,
ef þið viljið skreppa og gefa
henni afmælisknús.



Atvinna í boði Employment

Við erum að leita að fólki í sal og eldhús, bæði fullt starf og hlutastarf. Nánari upplýsingar á fakasel@fakasel.is eða í síma 772 0202.

We are looking for employee in both kitchen and as a waiters / waitress. For more info, please send an email to fakasel@fakasel.is or call 772 0202.



KRAFTBERG

Kraftberg auglýsir eftir verkefnum fyrir smiði, múrara, málara og hellulagnar menn.

Sími 892 6993
kraftberg@simnet.is

Tónagull

Rannsóknagrundað tónlistaruppeldi
Vinsælu tónlistarnámskeiðin fyrir foreldra og börn frá fæðingu til 3ja ára

Tónagull námskeið verða haldin í Tónsmíðjunni á Selfossi
Þriðjudaga 12. feb. – 19. mars. kl. 16:30
Skráningar og nánari upplýsingar er að finna á: www.tonagull.is
Kennari er Kolbrún Hulda Tryggvadóttir



Dr. Helga Rut Guðmundsdóttir er höfundur og stofnandi Tónagulls



Ungmennaráð Suðurlands gefur ungmennum öfluga rödd

Forvarnir, lýðheilsa, samgöngumál og húsnæðis- og skólamál voru meðal annars til umræðu á síðasta fundi ráðsins

Ungmennaráð Suðurlands hefur verið starfandi vel á þriðja ár en það eru Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) sem heldur utan um starf ráðsins. Í ráðinu eiga 15 fulltrúar sæti, einn frá hverju sveitarfélagi á Suðurlandi. Það eru 15 aðalmenn og 15 til vara. Ráðið kemur saman tvisvar á ári og oftast ef þurfa þykir. Þegar ungmennaráðið kemur saman er auk fundasetu m.a. lögð áhersla á fræðslu, liðsheildarvinnu og hópefli. Á síðasta fund ráðsins kom Sabína Steinunn Halldórsdóttir landsfulltrúi UMFÍ inn með fræðslu um fundasköp og ræðumennsku sem mun án efa nýfast ungmennunum vel í framtíðinni. Magnús Guðmundsson verkefnastjóri var með hópefli og liðsheildarvinnu sem er nauðsynleg þegar breiður hópur fólks vinnur saman. Fulltrúar ráðsins sækja ráðstefnur fyrir hönd landshlutans og einnig hafa þau flutt erindi á ýmsum fundum eða ráðstefnum. Þá hafa fulltrúar ráðsins einnig verið með erindi á síðustu tveimur ársþingum SASS. Ný stjórn var kjörin á síðasta fundi ráðsins. Nýr formaður er Jón Marteinn Arngrímsson frá Grímsnes- og Grafingshreppi, nýr varaformaður er Núi Mar Jónsson frá Hrunamannahreppi og nýr ritari er Jana Lind Ellertsdóttir frá Bláskógabyggð.

Unnið í þremur málefnaþópum

Á fundi ungmennaráðsins var ákveðið að vinna í þremur mállefnaþópum og skiptust þeir svona; Húsnæðis- og skólamál, samgöngu- og samfélagsmál og lýðheilsu- og forvarnamál. Bókanir ráðsins voru fjölmargar og ef skoðaðar eru þær sem fjalla um húsnæðis- og skólamál þá eru áberandi áhyggjur ráðsins af vöntun á íbúðarhúsnæði fyrir ungmenni á Suðurlandi og þá sérstaklega varðandi heimavist og stúdentagarða á Selfossi. Ráðið hvetur einnig viðeigandi aðila til að bæta aðgengi að námsráðgjöf og efla fjármálalæsi í grunn- og framhaldskólum á Suðurlandi.



Helgi Kjartansson varaformaður stjórnar SASS, Jón Marteinn Arngrímsson formaður ráðsins, Rebekka Rut Leifsdóttir fulltrúi í ráðinu og Eva Harðardóttir formaður SASS.

Almennings- og samgöngur og veghald

Ráðið fjallaði um samgöngu- og samfélagsmál og þar bar hæst áhyggjur af vegakerfinu á Suðurlandi. Ráðið skorar á SASS og Vegagerðina að vinna að bættu umferðaröryggi og bættu veghaldi, m.a. snjó-mokstri. Ráðið telur einnig að bæta þurfi fræðslu til erlendra ökumanna sem koma til landsins um hinar ýmsu veður- og vegaðstæður sem geta skapast á vegum landsins. Almennings- og samgöngur skipta ungmenni á Suðurlandi miklu máli og skorar ráðið á SASS og Strætó að efla þjónustustig almennings- og samgöngu á Suðurlandi meðal annars með því að hafa vagna með salernum á lengri leiðum og tryggja að þeir hafi ávallt virkt netsamband. Jafnframt telur ráðið verðskrá Strætó á Suðurlandi of háa og skorar það á SASS og sveitarfélögin á Suðurlandi að bjóða upp á almennings- og samgöngu á mun betra verði enda myndi það hvetja til betri nýtingar á ferðum Strætós á Suðurlandi. Ráðið telur brýnt að komið sé til móts við nemendur og þá sem sækja ípróttu- og tómstundastarf á milli sveitarfélaga með fleiri möguleikum á greiðslufyrirkomulagi. Mikill kostur væri að geta greitt fyrir einn mánuð í einu í staðinn fyrir greiðslufyrirkomulagið sem er í dag þar sem greiða þarf fyrir eina önn í einu.



Jana Lind Ellertsdóttir, ritari Ungmennaráðs Suðurlands og Núi Mar Jónsson, varaformaður Ungmennaráðs Suðurlands.

Vilja gera miklu betur og meira í forvarna- og lýðheilsu- og samfélagsmálum

Ungmennaráðið hvetur til aukinnar jafningjafræðslu og fræðslu um kynjafræði í grunn- og framhaldskólum á Suðurlandi. Ráðið bendir á þá forvörn sem er í hreyfingu og hvetur m.a. sveitarfélögin á Suðurlandi til að niðurgreiða æfingagjöld til barna og ungmenna. Einnig bendir ráðið á að gjald í líkamsræktarstöðvar er mjög hátt fyrir ungmenni og hvetur ráðið stöðvarnar og/eða þau sveitarfélög sem reka slíkar stöðvar til að koma betur til móts við þennan hóp.

Ráðið hvetur og brýnir sveitarfélögin á Suðurlandi, HSU og heilbrigðisráðherra til að bæta úrræði fyrir ungt fólk á Suðurlandi sem á við fíknivanda að stríða. Þá telur ráðið ekki síður mikilvægt að fylgja eftir þeim ungmennum sem hafa lokið meðferð, með áframhaldandi stuðningi. Ráðið bókaði m.a. að efla þurfi fræðslu og forvarnir um fíkniefnavandann á Suðurlandi og hvetur til fræðslu í skólum landshlutans.

Fulltrúar úr stjórn SASS funda með ráðinu

Fulltrúar úr stjórn SASS og framkvæmdastjóri samtakanna komu á síðasta fund ungmennaráðsins sem haldinn var á Selfossi. Farið var yfir fundagerð ráðsins og bókanir. Í framhaldinu átti ráðið gott samtal við fulltrúa SASS.

Ungmennaráð Suðurlands hefur vakið mikla athygli og hafa aðrir landshlutar sýnt ráðinu áhuga. Í síðasta tölublaði Sveitarstjórnarmála sem Samband íslenskra sveitarfélaga gefur út er m.a. ítarleg grein um ráðið og störf þess frá upphafi. Á heimasíðu SASS er hægt að finna fundagerðir ráðsins og Handbók ungmennaráða auk myndbanda sem unnin voru af Ungmennaráði Árborgar í samstarfi við SASS. Næsti fundur ráðsins verður haldinn í mars 2019.



Vinkonurnar Arna Daniélsdóttir og Henný Lind Brynjarsdóttir frá Laugarvatni héldu fyrir skömmu tombólu þar sem þær söfnuðu peningum til styrktar Rauða krossinum. All söfnuðu þær stóllur 16.550 krónum.



Heilsársstarf með hestum og gestum - eitthvað fyrir þig?

Do you want to work with horses and people?

Við í Friðheimum erum að leita að heilsársstarfskrafti í hesthúsið okkar þar sem við tökum á móti gestum og fræðum og sýnum íslenska hestinn, temjum og þjálfum okkar hross.

Ef þú ert vanur/vön þjálfun, tamningu og hefur einhverja reynslu af sýningum og keppni, gæti þetta verið starf fyrir þig.

Ef þú ert metnaðarfull/-ur, heiðarleg/-ur, jákvæð/-ur, stundvís og með góða enskukunnáttu, viljum við endilega hitta þig.

Friðheimar er lífandi og skemmtilegur vinnustaður, sem býður uppá að hitta margt fólk og spjalla um íslenska hestinn sem er jú hjartans mál margra. Þetta er skapandi og gefandi starf fyrir réttan aðila, og er laust til umsóknar strax.

Friðheimar er garðyrkju- og hrossabýli, ferðapjónustufyrirtæki með áherslu á að veita framúrskarandi þjónustu á sviði ferðapjónustu og garðyrkju. Frekari upplýsingar um Friðheimar má finna á www.fridheimar.is.

Friðheimar er staðsett í Reykholti, Bláskógabyggð, ca. 20 mín. keyrsla frá Laugarvatni, 10 mín. keyrsla frá Flúðum og um 1 klst. keyrsla frá Reykjavík.

Umsóknir (með ferilskrá og mynd) og fyrirspurnir sendist á knutur@fridheimar.is.

Friðheimar is looking for staff on a whole year basis to work in our stable, to ride and train our horses, receive guests and tell them about the horses as well as show them in riding.

If you are an experienced trainer and have some experience of horse shows and/or competitions, this could be a job for you.

If you are ambitious, honest, positive, punctual, have good skills in English and are at ease with people, then we would like to meet with you for this future employment position.

Friðheimar is a lively and nice place to work in, that provides a great opportunity to meet people and talk about and be around the Icelandic horse. The work is creative and rewarding in itself for the right person, and is available now.

Friðheimar is a horticulture and horse farm, and a tourist operating company with focus on providing excellent service in both tourism and horticulture. Further information at www.fridheimar.is.

Friðheimar is located in Reykholti, Bláskógabyggð in south Iceland, approx. 20 min drive from Laugarvatn, 10 min. drive from Flúðir and approx. 1 hour drive from Reykjavík.

For applications (with CV+picture) and inquiries, send email to knutur@fridheimar.is

Félag eldri borgara á Eyrarbakka

Aðalfundur

félags eldri borgara á Eyrarbakka verður haldin sunnudaginn 17. feb. kl. 14 að Búðarstíg 22 (Alpan kaffistofa). Venjuleg aðalfundarstörf.

Stjórnin

Félag eldri borgara á Eyrarbakka

Góugleði 2019

Félag eldri borgara á Eyrarbakka heldur góugleði laugardaginn 2. mars í félagsheimilinu Stað.

Húsið opnað kl. 19.

Veislumatur frá Rauða húsinu.

Jón Bjarnason sér um fjörið.

Miðaverð 6.000 kr.

Miðapantanir hjá Ingu í síma 845 6526 eða Jónínu í síma 841 9290.

82%

Sunnlendinga lesa Dagskrána í hverri viku

Ert þú að auglýsa á réttum stað?



DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

*samkvæmt Gallup-könnun okl.-nóv. 2018.

Leikfélag Hveragerðis

2Tvo Faldir

SÝNT Í LEIKHÚSINU AUSTURMÖRK 23

Two into one

Höfundur: Ray Cooney
Þýðandi: Árni Ibsen
Leikstjóri: María Sigurðardóttir

3. sýning föstudaginn 8.febr. kl:20:00
4. sýning laugardaginn 9.febr. kl:20:00
UPPSELT 5. sýning föstudaginn 15.febr. kl: 20:00
6. sýning laugardaginn 16.febr. kl:20:00
7. sýning föstudaginn 22.febr. kl:20:00
8. sýning laugardaginn 23. febr. kl:20:00
Miðapantanir í síma 863-8522,
Miðaverð: krónur 3,000.-

FUNDIR

KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU

Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon

Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:30, Hrísholti 8, Selfossi.

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA fundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg

Fundir í Rauðakrosshúsinu
Hveragerði, efrí hæð,
fimmtudaga kl. 20:30.

Geðræktarmiðstöðin

Batasetur Suðurlands
Opnunartími í vetur
miðvikudaga kl. 10-14
Kaffi Líf (við hliðina á Nettó)
föstudaga kl. 10-14
í Strókhúsinu

TAPAD/FUNDIÐ

Blár trefill tapaðist

Blár trefill, refaskinn tapaðist á
Selfossi. Finnandi vinsamlega
hafið samband í síma 867 4900.

»DFS.is
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Fáðu tilboð í auglýsingapakka í
blaðið og á vefinn!

Sími 482 1944 - dfs@dfs.is

ÞJÓNUSTA



S: 662-1122

Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND



Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri!

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

VR PÍPULAGNIR

Gunnar Valgeir Reynisson
Pípulagningameistari
Skráður hjá Mannvirkjastofnun

Nýlagnir
Efnissala
Öll almenn lagnarvinna



898 1598

vrsumarhus@gmail.com
f VR - Pípulagnir og sumarhúsaþjónusta

Lagnabjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími



KIRKJUR

Stóruborgarkirkja, Grímsnesi
Bæna- og kyrrðarstund sunnu-
dag 10. febrúar kl. 17.00.
Övenjuleg en uppbyggileg
stund við kertaljós eingöngu.
Sr. Egill Hallgrímsson, sóknar-
prestur, leiðir stundina.

Þorlákaskirkja

Af óviðráðanlegum ástæðum
fellur Sunnudagaskóli niður 10.
febrúar en verður næst næsta
sunnudag 17. febrúar kl. 11:00.
Sofiði út núna en mætið næst.
Baldur, Guðmundur og Sirrí.

Torfastaðakirkja,
Biskupstungum

Guðspjónusta sunnudag 10.
febrúar kl. 14.00. Sr. Egill
Hallgrímsson, sóknarprestur
annast prestspjónustuna.
Organisti er Jón Bjarnason.

BÍLAR

KLETTUR

Bifreiðaverkstæði

Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi

Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílaviðgerðir.
Hjólástillingar



Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069



Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777

Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

FUNDIR

Vöflukaffi

Prettánda
vöflukaffi
vetrar verður
haldið næsta
föstudag 8.
feb. að Eyravegi
15, 2.
hæð, milli kl. 16 og 18.
Gestur okkar verður Helgi
S. Haraldsson, forseti bæj-
arstjórnar Árborgar. Hann
mun fara yfir ýmis mál sem
varða sveitarfélagið og
svara spurningum. Allir vel-
komnir.



HEILSA

Nudd -
Svæðanudd

Dáleiðsla

Augnlestur og
heilsuráðgjöf

Einföld en áhrifarík
ráð við ýmsum
heilsuvandamálum

Alla fimmtudaga í
Heilsulindinni Miðgarði,
Austurvegi 4, Selfossi.

Heiðar Ragnarsson
Sími 898 1501

Hrunakirkja

Hversdagsmessa fimmtu-
daginn 14. febrúar kl. 20:30.
Kirkjukórinn syngur hugljúf
dægurlög við undirleik hljóms-
sveitar hússins. Stjórnandi
Stefán Þorleifsson. Ritningar-
orð, hugvekja, blessun og
bæn. Notaleg kvöldstund í
kirkjunni. Allir velkomnir.

Gaulverjabæjarkirkja

Sunnudagur 10. febrúar. 5. s.e.
þrettánda. Messa. í Gaul-
verjabæjarkirkju kl. 14.00. Kór
kirkjunnar leiðir söng. Org-
anisti Haukur Arnarr Gíslason.
Prestur sr. Arnaldur A. Bárðar-
son.

Eyrabakkakirkja

Sunnudagur 10. febrúar. 5. s.e.
þrettánda. Messa. í Eyrar-
bakkakirkju kl. 11.00. Kór kirk-
junnar leiðir söng. Organisti
Haukur Arnarr Gíslason. Prest-
ur sr. Arnaldur A. Bárðarson.

Skálholtsdómkirkja

Barnasamkoma laugardag 9.
febrúar kl. 11.00. Umsjón hefur
Bergþóra Ragnarsdóttir.
Messa sunnudag 10. febrúar
kl. 11.00. Sr. Egill Hallgrímsson,
sóknarprestur annast prests-
pjónustuna. Organisti er Jón
Bjarnason.

Selfoskirkja

Fjölskyldumessa kl. 11,
súkkulaði og sitrónur! Umsjón
með stundinni hafa Jóhanna
Yr og sr. Ninna Sif. Unglingakór
kirkjunnar syngur undir stjórn
Eyrúnar Jónasdóttur. Súpa og
brauð í safnaðarheimilinu að
messu lokinni gegn vægu
gjaldi.

Stóra-Núpskirkja

Guðspjónusta kl. 11 sunnu-
daginn 10. feb. Kirkjukórinn
leiðir sönginn undir stjórn
Þorbjargar Jóhannsdóttur org-
anista. Dagur Fannar
Magnússon, guðfræðinemi,
prédikar og þjónar fyrir altari
ásamt sóknarpresti. Barn borið
til skírnar. Allir velkomnir!

Hrepphóla kirkja

Messa kl. 14 sunnudaginn 10.
feb. Kirkjukórinn leiðir söng
undir stjórn Stefáns Þorleifs-
sonar organista. Dagur Fannar
Magnússon, guðfræðinemi,
prédikar og þjónar fyrir altari
ásamt sóknarpresti. Molasopi
á eftir. Allir velkomnir.

Aðventistar

Laugardaginn 9. febrúar 2019 í
safnaðarheimili aðventista á
Eyravegi 67. Biblíurannsókn kl.
11 og guðspjónusta kl. 12.

Hveragerðiskirkja

Messað verður kl. 11. Sr.
Gunnar Jóhannesson þjónar
fyrir altari. Kirkjukór Hvera-
gerðis- og Kotstrandarsókna
leiðir safnaðarsönginn undir
stjórn Örlýgs Atla Guðmunds-
sonar. Sunnudagaskólinn
hefst kl. 13 með söng og gleði.
Að þessu sinni verður súkku-
laðivöflupema.

Hvítasunnukirkjan Selfossi

Sunnudaga kl. 11:00. Sam-
koma, barnastarf og kaffi-
veitingar. English translation
available. Þriðjudaga kl. 19.30
unglingasamkoma. Fimmtu-
daginn 7. feb. lofgjörð og bæn
kl. 20.30. Bænastundir kl. 18
alla aðra virka daga.



Sveitarfélagið
ÁRBORG

ÚTBOÐ

Sveitarfélagið Árborg óskar eftir tilboðum í:

„Lausar kennslustofur
við Vallaskóla 2019“

Verkið felur í sér smíði og uppsetningu á tveimur færanlegum
kennslustofum og tengigangi, á lóð Vallaskóla á Selfossi.

Innifalið í tilboðsverði skal vera allur kostnaður við smíði, undir-
stöður, uppsetningu, flutning, lagnir og lagnaskurði og frágang í
verklok. Einnig byggingarstjórn, hönnun og hönnunarkostnaður og
samskipti við byggingaryfirvöld.

Verklok eru 31. júlí 2019.

Helstu magntölur eru:

Færanlegar kennslustofur	2 stk.
Tengigangur	u.þ.b. 15 m
Lagnaskurðir	65 m

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með fimmtudeg-
inum 7. febrúar 2019. Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu
hafa samband við skrifstofu Eflu á Suðurlandi í síma 412 6900,
eða með tölvupósti í netfangið utbod.sudurland@efla.is og gefa
upp nafn, heimilisfang, símanúmer og netfang og fá í kjölfarið
útboðsgögnin send í tölvupósti.

Tilboðum skal skila til Eflu verkfræðistofu, Austurvegi 1-5, 800
Selfoss fyrir kl. 11.00 fimmtudaginn 28. febrúar 2019 og verða
þau opnuð þar að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Árborg eignadeild

Á réttri leið

Hittumst á þínum heimavelli og ræðum það sem skiptir máli

Kirkjubæjarklaustur – Félagsheimilið Kirkjuhvoll, 13. febrúar - 21:00

Vík í Mýrdal – Ströndin í Víkurskála, 14. febrúar - 8:15

Hvolsvöllur – Félagsheimilið Hvoll, 22. febrúar - 17:30

Hveragerði – Sjálfstæðishúsið Austurmörk 2, 23. febrúar - 10:30

Þorlákshöfn – Ráðhúsið Hafnarbergi 1, 23. febrúar - 12:30

Árborg – Hótel Selfoss, 23. febrúar - 14:30

Hringferð þingflokks Sjálfstæðisflokksins 2019 → xd.is

D



Breyttar áherslur í Þrastalundi

**Myndband
fylgir fréttinni
á DFS TV**

Nýir eigendur hafa tekið við rekstri Þrastalundar í Grímsnesi. Nýir eigendur eru Celio Sosa og Björn Baldursson. Celio sér um veitingahlið rekstrarins og er matreiðslumaður að mennt. Björn sér um innkaup og verslun. Í samtali við Björn kemur fram að það sé liðin tíð að verðið sé í hæstu hæðum í Þrastalundi: „Við einbeitum okkur að því að vera með gott, sanngjarnt verð sem ætlað er fólki sem býr á svæðinu og sumarbústaðaeigendur. Auðvitað nær það yfir alla þá sem eru á ferðinni líka. Sem dæmi um þetta nefnir Björn að kaupa megi ódýrasta gas á landinu í Þrastalundi, mjólkinn er á 200 krónur og kaffibolli á 250 með ábót. Aðspurður um veitingastaðinn segir Björn: „Við ákváðum að vera ekki með pizzur, þó að það hafi verið aðalsmerki staðarins hér áður. Við breyttum alveg um stíl og erum með fjölbreyttan matseðil sem er með nánast öllu öðru en sushi og pizzum. Okkar markmið í verðlagningu á matseðlinum er eins lág og við mögulega komumst upp með. Þar má til dæmis nefna hádegis-tilboð á mínútusteik á 1590 kr.“

-gpp



Fjármálastjórn, áætlanagerð og bókhald

Við veitum alhliða þjónustu og ráðgjöf við fjármálastjórn, áætlanagerð og bókhald. Mikil reynsla. Hafið endilega samband við okkur um frekari upplýsingar.

Hagbók ehf.
Eyravegi 37, 800 Selfoss
Símar: 480 3340 / 822 5020 / 899 9413
amar@hagbok.is / hagbok@hagbok.is

Félagsheimilið Árnes

hentar sérlega vel fyrir allskyns veislur og viðburði. Húsið rúmar 360 manns í þremur sólum. Fjölskyldutjaldsvæði með rafmagni, sundlaug og heitum potti. Góð aðstaða er fyrir útiþróttir og leiktæki fyrir börn.

Nánari upplýsingar

Kristjana - 486 6100 - kidda@skeidgnup.is
Ari - 893 4426 - ari@skeidgnup.is

www.skeidgnup.is



Bókhaldsþjónusta Skattaráðgjöf

Reykjavík / Þorlákshöfn
Sími 587 7600 / 860 9900
spekt@spekt.is

BÓNFÆÐGAR



Gagnheiði 51- Selfossi
Símar 482 2327 - 848 2327
- Sækjum og skilum -

LOFTNET NETSJÓNVARP

Þekking og reynsla

UPPSETNING OG VIÐGERÐIR

Loftnet – Gervihnattaþjónusta
Ljósnet – Ljósleiðaratengingar
Tölvulagnir – Símalagnir
Bústaðir – Húsabilar

Loftnetstaekni.is

sími 894 2460 – Selfoss

Sprettur ÁBURÐUR

Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009



KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - WWW.FROSTMARK.IS



• Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum • Ísskápaþiðgerðir • Almennar raflagnir



Gluggar Útihurðir Sérsmíði
GK GLUGGAR
Norður-Nýjabæ | 851 Hellu | 566 6787
www.gkgluggar.is | gkgluggar@gkgluggar.is



veislur & veitingar
opið alla daga


rauða húsið
restaurant Eyrarbakka

raudahusid.is
483-3330
Búðarstíg 4 • 820 Eyrarbakka
raudahusid@raudahusid.is

Rétting og málun

Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi
480 8020



Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar

Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is



Meirapróf hefst á Selfossi föstudaginn 1. mars

Þetta er helgarnámskeið. Upplýsingar og skráning hjá Þráni í síma 892 9594 eða í netfangið thrainn@okuskoli.is

Ökuskóli Suðurlands – Eyravegi 55, Selfossi – www.okuskoli.is

Josera.
super premium
gæludýrafóður



**VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf**
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismiði
Innréttingar
Járnsmíði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Hjólbarðapjónusta Magnúsar

Gagnheiði 25 - Sími 482 2151



Hjólbarðar
Smurþjónusta
Betri vörur - betra verð

Bílamerkingar
Strigaprentun
Fatamerkingar
Gluggafilmur
Límmiðar
Skiltagerð
Filmulausnir
og merkingar

Háheiði 6, Selfossi s: 833 2299
filmulausnir@filmulausnir.is
Opíð mánudaga til föstudaga frá kl. 9 - 17



Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA

- þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Slökkvitæki ehf
Hleðsla - Sala - Þjónusta
Austurvegi 52 - Selfossi
Sími 666 9990
Verslun við litla manninn

Jiibbii
Siggaferðir
- Flutningaþjónusta -
Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur
Sími 772 6010